



FRÉTTABLAÐIÐ



Enn er með öllu óljóst hvaða pólitísku afleiðingar verða af sölu í Íslandsbanka. Jóhann Páll Jóhannsson var í hópi þeirra sem sóttu hart að Bjarna Benediktssyni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Telur blóðmerahald hafa brotið lög síðustu ár

Síðasta leyfi Ísteka til blóðtöku úr hryssum rann út 2020 en vegna breyttra laga og reglna frá 2013 og 2014 er ekki lengur hægt að fá leyfi til starfseminnar, að sögn lektors við Dania-háskólann á Jótlandi.

ser@frettabladid.is

SAMFÉLAG Blóðmerahald á Íslandi hefur verið stundað í bága við lög um tveggja ára skeið, allt frá því að síðasta leyfi Ísteka til blóðtöku rann út árið 2020.

Þetta fullyrðir Björn M. Sigur-

jónsson, lektor við Dania-háskólann í Randers á Jótlandi, en hann furðar sig á að Matvælastofnun hafi leyft blóðmerahald frá 2020. „Því enginn vafi leikur á að blóðtakan er óleyfleg frá þeim tíma,“ segir hann í samtali við Fréttablaðið.

Björn verður einn þeirra sem tekur þátt í fundi atvinnuveganefndar Alþingis í dag kl. 10.45 þar sem gestir á vegum dýraverndarsamtaka mæta til að ræða frumvarp Ingu Sælands, formanns Flokks fólksins, um bann við blóðmerahaldi. Ísland er eina landið í Evrópu sem leyfir blóðtöku úr fylfullum og



Björn M. Sigurjónsson

mylkum hryssum til að gera frjósemislyf svo gyltur gjóti oftast á ári.

Björn segir lög og reglur um dýravernd og hestahald hér á landi hafa breyst oftsinnis á þessari öld svo ef til vill megi virða Matvælastofnun

það til vorkunnar að hafa sést yfir þetta atriði. „Mér sýnist stofnunin einfaldlega ekki hafa áttað sig á þessu,“ segir hann.

Þessa sögu megi rekja aftur til 2002 þegar fram kom reglugerð sem veitti Matvælastofnun heimild til að veita fyrirtækjum leyfi til blóðtöku. Fyrirtækið Ísteka hafi verið veitt þá leyfi til fjögurra ára í senn. Síðasta leyfið hafi verið veitt 2016 og það runnið út 2020.

„En í millitíðinni verða lagaskil,“ segir Björn, „fyrst með setningu nýrra dýraverndarlaga frá 2013 þar sem segir mjög skýrt að ekki megi

gera tilraunir eða framleiða lyf úr lifandi dýrum. Ári seinna kom svo ný reglugerð um hestahald sem kveður á um að ekki megi gera aðgerðir á hestum nema í læknisfræðilegum tilgangi, sem tók af allan vafa í þessum efnum,“ segir Björn.

Hann segir málið mjög skýrt, blóðtaka sé ekki lengur leyfis skyld af því að nýjar reglur og lög gera ekki ráð fyrir henni – og það geri hana sjálfkrafa óheimila. „Og það er raunalegt að stofnunin hafi ekki áttað sig á þessu, en hún hefur ríkar skyldur til að framfylgja lögum um dýravernd,“ segir Björn. ■

Er bíllinn klár í ferðalagið?

→ Ferðabox, kajakfestingar, hjólafestingar og margt fleira

HEKLA Laugavegi 174, 105 Rvk. → www.hekla.is



Þriggja hjóla festing á krók
Burðargeta 60 kg, hallanleg
Verð 89.900 kr.



Skíðafesting á topp
4 skíði eða 2 snjóbretti
Verð 24.890 kr.



Menabo farangursbox
320 ltr, Mania, svart
Verð 44.990 kr.



Reiðhjólafesting á topp
Burðargeta 15 kg
Verð 18.900 kr.

Hæstiréttur tekur ekki mál Jóhanns

gar@frettabladid.is

DÓMSMÁL „Ég hefði aldrei verið sáttur ef ég hefði ekki gert neitt,“ segir Jóhann Helgason sem hefur tapað dómsmáli sínu í Bandaríkjunum.

Hæstiréttur Bandaríkjanna hafnaði í gær beiðni Jóhanns um að taka fyrir mál hans gegn lagahöfundinum Rolf Lövlund og fyrirtækjunum Universal og Warner vegna meints stuldar á laginu Söknuði. Telur Jóhann lagið You Raise Me Up vera eftiröpun á Söknuði. Áður hafði málinu verið vísað frá á tveimur á dómstigum.



Jóhann Helgason

„Miðað við réttarkerfið var kannski líklegri að það yrði niðurstaðan,“ segir Jóhann. „Þetta hefur auðvitað ekkert með líkindi laganna að gera heldur er það sú aðferðafræði sem beitt var í Los Angeles sem gerði út um málið,“ heldur hann áfram og vísar til mismunandi aðferða sem dómstólar í Bandaríkjunum beita til að meta líkindi milli tónverka.

„Mér hefur alltaf fundist full ástæða til fylgja þessu eftir og finnst standa upp úr að hafa gert allt sem hægt var að gera,“ segir Jóhann. ■

Brautryðjandi borinn til grafar



Davíð Scheving Thorsteinsson, hinn litríki frumkvöðull, var borinn til grafar í gær frá Dómkirkjunni í Reykjavík. Davíð kom víða við á löngum ferli og á sinn þátt í því að bjór var leyfður á Íslandi. Framlag hans til samfélagslegra umbóta verður seint þakkað til fulls. Davíð var sæmdur fálkaorðunni árið 1982 og lætur eftir sig eiginkonu og sex börn.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vilja minnisvarða um störf Hallsteins

kristinnpall@frettabladid.is

HAFNARFJÖRÐUR Afkomendur Hallsteins Hinrikssonar lögðu til lögu fyrir menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar um að reistur yrði minnisvarði um störf Hallsteins í þágu íþróttalífs bæjarins. Hallsteinn hafði forgöngu um stofnun Fimleikafélags Hafnarfjarðar-
arbæjar árið 1929 og er oft kallaður faðir nútímahandboltans. Hann fékk fálkaorðuna fyrir störf sín í þágu félags- og íþróttamála árið 1962.

Í bréfinu minntu afkomendur Hallsteins á mikilvægi þess að starfa hans í tengslum við íþróttir í bænum sé minnst og óskuðu eftir því að reistur yrði minnisvarði honum og íþróttastarfi hans í bænum til heiðurs. Hallsteinn sé oft titlaður sem faðir nútímahandboltans og því sé viðeigandi að minnisvarðinn verði nálægt íþróttahúsinu



Hallsteinn Hinriksson, stofnandi FH og forspraki handbolta á Íslandi.

við gamla Lækjarskóla, sem sé vagg handboltans hér á landi.

Hallsteinn var landsliðsþjálfari karlalíðs Íslands á fjögurra ára tímabili frá 1958 til 1962. Sonur hans, Geir Hallsteinnsson, var tekinn inn í frægðarhöll ÍSÍ fyrir afrek sín árið 2016 og barnabarn Hallsteins, Logi Geirsson, lék lykilhluverk í silfurverðlaunaliði Íslands á ÓL 2008. ■



Félagsfundur fundarboð

Stjórn Eflingar - stéttarfélags boðar til félagsfundar miðvikudaginn 27. apríl 2022 klukkan 18:00 í Valsheimilinu, Hlíðarenda.

Dagskrá:

1. Skipulagsbreytingar á skrifstofum félagsins
2. Önnur mál

EFLING
Baráttu fyrir betra lífi

Hlakkar til að útskrifast með samnemendum sínum

Nemendur í starfstengdu námi fyrir fólk með þroskahömlun í Háskóla Íslands mun útskrifast með öðrum nemendum. Til stóð að nemendurnir myndu útskrifast í sérstakri athöfn annan dag.

birnadrofn@frettabladid.is

MENNTAMÁL Tekin hefur verið ákvörðun innan Háskóla Íslands (HÍ) um að nemendur í starfstengdu námi fyrir fólk með þroskahömlun fái að brautskrást með öðrum nemendum skólans laugardaginn 25. júní næstkomandi. Þetta staðfestir Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, í samtali við Fréttablaðið.

Nemendur í umræddu námi útskrifast með diplómagráðu og hafa hingað til útskrifast með öðrum nemendum háskólans sem einnig útskrifast með diplómu. Í ár útskrifast ekki aðrir nemendur með slíka gráðu og komu þá upp hugmyndir innan háskólans um að nemendur í starfstengdu námi fyrir fólk með þroskahömlun yrðu brautskráðir annan dag en aðrir nemendur skólans, ein tillagan var mánudagurinn 27. júní.

„Mér fannst mjög ósanngjarnt að við ættum að útskrifast ein á mánudegi en allir hinir fengu að útskrifast á laugardegi og að eina ástæðan væri sú að við værum fötluð. Það heldur enginn útskriftarveislu á mánudegi,“ segir Matthildur Inga Samúelsdóttir, nemandi í starfstengdu námi fyrir fólk með þroskahömlun.

Hún hefur ásamt samnemendum sínum látið í ljós óánægju sína varðandi aðgreiningu á brautskráningardaginn og segist virkilega ánægð með niðurstöðu háskólans. „Ég er mjög ánægð með þetta og finnst æðislegt að við höfum náð að vinna þessa baráttu,“ segir Matthildur.



Matthildur Inga er ánægð með ákvörðun HÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Fyrir flest þeirra er þetta æðsta prófgráða sem þeim stendur til boða.



Ágúst Arnar Þráinsson

„Við sem fatlaðir einstaklingar erum ekki minni manneskjur en aðrir og ættum að hafa fullan rétt til þess að útskrifast með hinum nemendum skólans, bara eins og allir aðrir,“ bætir hún við.

Matthildur segir að „nám án aðgreiningar“ sé meðal einkunnar-

orða námsins og hefði farið svo að brautskráningu nemenda væri skipt upp hefði verið gengið þvert á þau orð. „Það hefði verið mjög lélegt og í rauninni fordómar gagnvart okkur.“

Ágúst Arnar Þráinsson, verkefnastjóri á menntavísindasviði HÍ, segir að um stórt skref í átt að jafnrétti allra til náms innan háskólans sé að ræða. „Þetta snýst ekki um að það þurfi að tolla þennan hóp sérstaklega heldur að þau fái að sitja við sama borð og aðrir og útskrifast með samnemendum sínum,“ segir hann.

„Þetta er stór dagur í lífi allra nemenda og ekki síst nemenda í þessu ákveðna námi en fyrir flest þeirra er þetta æðsta prófgráða sem þeim stendur til boða,“ segir Ágúst.

Matthildur segist virkilega spennt fyrir útskriftardeginum og stefnir að því að halda parti laugardaginn 25. júní. Eftir útskrift stefnir hún að því að vinna með börnum. „Ég er á leikskólalínu í náminu og mig langar mikið að vinna á leikskóla.“ ■



LÁTTU VERKIN TALA

TOYOTA PROACE



TOYOTA PROACE
verð frá: 5.850.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga:
1 ár: 184.000 kr. á mánuði
2 ár: 159.000 kr. á mánuði
3 ár: 148.000 kr. á mánuði



TOYOTA PROACE CITY
verð frá: 4.290.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga:
1 ár: 146.000 kr. á mánuði
2 ár: 127.000 kr. á mánuði
3 ár: 120.000 kr. á mánuði

TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI

32


ÁR Í RÖÐ

Sama hver verkefni eru þá er Toyota Proace til staðar fyrir þig.

Amstri dagsins fylgja ýmsar áskoranir. Hvort sem þú ert að leita að styrk og burðargetu eða mýkt og lipurð fyrir fólksflutninga, þá er Toyota Proace bíll sem hentar þínum þörfum.

Toyota Proace er traustur, öflugur og fjölhæfur bíll, fánlegur í ýmsum stærðum og gerðum. Þú hefur val um orkugjafa, lengd, yfirbyggingu og stærð hleðslurýmis, allt eftir því hvað hentar þinni starfsemi. Vinnuaðstaða bílstjórans er snjöll og þægileg og bíllinn er búinn framúrskarandi öryggisbúnaði sem tryggir öryggi þitt í vinnunni.

Allar gerðir Proace koma með 7 ára (3+4) ábyrgð og þeim fylgir 3 ára þjónusta. Skoðaðu nánar á toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000

Bíllarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinn skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Lögreglan að störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Efri byggðir fullar af fíklum í umferð

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Alls voru 35 mál skráð í málaskrá lögreglunnar í efri byggðum Reykjavíkur þar sem ökumaðurinn var undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Málin voru 19 í febrúar. Þetta kemur fram í mánadarskýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir marsmánuð en efri byggðir falla undir löggæslusvæði 4 sem telur Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp. Þá fjölgaði stútum undir stýri í umdæminu en 15 voru stoppaðir í marsmánuði miðað við átta í febrúar. Þá sektaði lögreglan í umdæminu 167 ökumenn fyrir umferðarlagabrot miðað við 96 mánuðinn á undan.

Alls voru 696 hegningarlagabrot á höfuðborgarsvæðinu í mars og fjölgaði þeim brotum á milli mánaða.

Alls voru í mars skráð 673 umferðarlagabrot á höfuðborgarsvæðinu en það eru um 22 umferðarlagabrot á dag. ■

Melissa Lucio fær annað tækifæri

adalheidur@frettabladid.is

TEXAS Áfrýjunardómstóll í Texas hefur fallist á beiðni hinnar bandarísku Melissu Lucio og slegið aftöku hennar af, en taka átti Melissu af lífi á morgun. Kvíddómur sakfelldi hana fyrir fimmtán árum fyrir að hafa myrt tveggja ára dóttur sína.

Áfrýjunardómstóllinn ákvað í gær að fela undirrétti að fara yfir ný sönnunargögn um mögulegt sakleysi Melissu áður en frekar verður aðhafst í máli hennar.

Fréttablaðið fjallaði ítarlega um mál Melissu fyrir nokkru og ræddi við Gísla Guðjónsson réttarsálfræðing sem veitt hefur verjendateymi hennar sérfræðiaðstoð. Gísli telur meinta játningu Melissu hafa verið ómarktæka en hún var forsenda sakfellingarinnar á sínum tíma. ■

Fjöldi fólks veit ekki af eigin kosningarétti

bth@frettabladid.is

KOSNINGAR Breytt kosningalög sem tóku gildi 1. janúar síðastliðinn rýmka kosningarétt fólks hér á landi af erlendum uppruna. Ekki þarf ríkisborgararétt til að kjósa til sveitarstjórnar.

Í 4. grein kosningalaga segir að hver íslenskur ríkisborgari sem hefur náð 18 ára aldri og á lögheimili geti kosið í viðkomandi sveitarfélagi.

Hitt er ekki á allra vitorði að sérhver danskur, finnskur, norskur og sænskur ríkisborgari getur kosið ef hann á lögheimili hér á landi. Hvað aðra varðar hefur verið sett viðmið um samfelt þriggja ára lögheimili fyrir kjörgengi.

Sara Björg Sigurðardóttir, framþjóðandi Samfylkingarinnar í borginni, segir að margir íbúar hafi komið af fjöllum þegar rætt var hvort þeir hefðu kosningarétt.



Norðurlandabúar fá kosningarétt um leið og þeir flytja lögheimili sitt.

„Við erum að tala um íbúa sem eru búnir að vera búsettir hérlandis í mörg ár, greitt skatta og skyldur, verið stórnótendur þjónustu borgarinnar en vissu ekki að þeir gætu kosið til sveitarstjórna,“ segir Sara Björg.

„Við sem samfélag verðum að gera betur til að upplýsa íbúa okkar um hvaða réttindi þeir hafa í okkar samfélagi. Eitt það verðmætasta er rétturinn til að kjósa,“ bætir hún við. ■

Bað Bjarna að afsala sér lykлавöldunum

Fjármálaráðherra segir slæmt ef hagsmunaárekstrar hafi orðið við sölu á eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka. Þingmaður Samfylkingarinnar spurði hvort ráðherra vildi ekki bara afsala sér lykлавöldunum að ráðuneytinu.

bth@frettabladid.is

ALÞINGI Til harðra orðaskipta kom í sal Alþingis í gær í umræðu um lokað útboð Íslandsbanka. Hrunið, Landsdóm og Geir Haarde bar á góma í samanburði við agnúana á sölnunni. Ekki urðu síður mikil átök í umræðum eftir að Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra flutti munnlega skýrslu um sölu undir kvöld.

Bjarni sagði að ef orðið hefðu hagsmunaárekstrar við sölu hlutanna í bankanum væri það slæmt. Hann margítrekaði þó að margt hefði tekist vel til. Bankinn hefði hækkað um 100 milljarða og eiginahópurinn væri dreifður. Ríkið hefði grætt stórfé eftir að sölnunni lauk og enn væri virði hlutanna að hækka. Því væri ekki hægt að segja að kvikir fjárfestar í útboðinu hefðu náð að skerða virði bankans með því að selja strax aftur.

Rauður þráður í gagnrýni minnihlutans var að ekki hefði verið sett lágmark á söluhlut. Eyjólfur Ármannsson, Flokki fólksins, sagði óverjandi að lægstu boð hefðu verið rúm milljón eða svipað og almenningi bauðst í opna útboðinu fyrir ári. Nær hefði verið að skilyrði hefði verið sett um að lægstu boð hefðu numið hundruðum milljóna, jafnvel milljarði. Enn bæri orðspor íslensks fjármálamarkaðar hnekki og hefði þó verið slæmt fyrir.

Einna snörpust urðu orðaskiptin milli fjármálaráðherra og Kristrúnar Frostadóttur, þingmanns Samfylkingarinnar. Kristrún spurði



Til snarpra orðaskipta kom á Alþingi í gær. Þingmaður orð féllu um ábyrgð og ábyrgðarleysi og er ljóst að enginn friður er á milli meirihlutans og minnihlutans í málinu. Málið verður áfram á dagskrá. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra



Kristrún Frostadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar

hvað hefði orðið um erlendu fjárfestana. Þess utan væru ótalmargar brotalamir á ferlinu og sumt benti til að ekki hefði verið farið eftir lögum. Í öllu falli væri um að ræða vanrækslu fjármálaráðherra. Hann hefði átt að grípa inn í þegar í ljós kom hve margir litlir kaupendur buðu í bankann í stað þeirra stóru langtímafjárfesta sem áttu að réttlæta undanþágu frá opnu ferli.

Eftir athugasemdir Kristrúnar spurði Bjarni Kristrúnu í andsvari

hvort hún hefði fyrir fram gert athugasemdir við fyrirkomulag sölnunnar sem þingmaður. Kristrún svaraði að hún bæri ekki ábyrgð á sölnunni heldur Bjarni. Ef ráðherra liti svo á sem hans eigin ábyrgð væri ekki meiri en annarra sem ekki gerðu athugasemdir fyrir söluferlið, væri sennilega best að Bjarni færi annað. Kristrún sagði: „Viltu ekki bara afhenda mér lykklana?“ Margir fleiri ræddu meinta útúrsluningu fjármálaráðherra og skort á ábyrgð.



Rauður þráður í gagnrýni minnihlutans var að ekki hefði verið sett lágmark á söluhlut.

Helga Vala Helgadóttir, Samfylkingunni, spurði að lokinni ræðu Þórarins Inga Péturssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, hvort hann teldi Bjarna bera ábyrgð á annmörkunum. Þórarinn Ingi svaraði að hann gæti ekki skilið málið þannig að Bjarni bæri einn ábyrgðina, fleiri hefðu átt að sjá fyrir hvað gæti gerst.

Umræður stóðu enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun. ■

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

Jeep® Wrangler Rubicon 4xe goðsögnin rafmagnaða hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Þjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI PLUG-IN HYBRID



ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



JEEP IS



Hyundai

TUCSON

Plug-in Hybrid



Plug-in Hybrid



Rafmögnuð hönnun. Frábær bíll verður enn betri.

Byltingin heldur áfram. Tæknilega fullkominn Hyundai Tucson Plug-in Hybrid setur ný viðmið í hagkvæmni, þægindum og glæsilegri hönnun. Tucson er hlaðinn spennandi tækni og sjaldan hefur boðist jafn vel búinn og glæsilegur borgarjeppi á jafn hagstæðu verði. Komdu, skoðuðu og reynsluaktu.



Hyundai Tucson PHEV. Verð frá: 6.290.000 kr.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

Skoðuðu Tucson á hyundai.is.



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is



Eitt af fjórum börnum er nú lyfjað

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Rúmlega eitt af hverjum fjórum börnum á aldrinum 14-17 ára tekur lyf í svokölluðum ATC-flokki en það eru meðal annars örvandi-, þunglyndis-, geðrofs- eða róandi og kvíðastillandi lyf.

Þetta kemur fram í svari Willums Þórs Þórsson heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Evu Sjafnar Helgadóttur, varaþingkonu Pírata.

Fyrir áratug tóku um 12 prósent barna slík lyf í þessum aldursflokk. Aukningin hefur einnig orðið mikil hjá 10-13 ára. Börn á Vesturlandi



Börn á Vesturlandi taka hvað mest lyf á landinu, eða þrettán prósent.

taka hvað mest lyf á landinu, eða 13 prósent og á Suðurnesjum taka 10,7 prósent barna einhvers konar lyf. Aðrir landsfjórðungar ná ekki yfir 10 prósent. ■



Lóðin sem ætluð er undir íbúðir við Borgarspítalann er innan gulu línunnar.

Hundruð íbúða við Borgarspítalann

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Samningur um makaskipti ríkis og borgar á lóð borgarinnar við Kleppspítala annars vegar og lóð ríkisins við Borgarspítalans hins vegar var undirritaður í gær.

Á 30 þúsund fermetra lóð milli Klepps og Holtagarða verður Björgunarmiðstöð með sameiginlegri aðstöðu fyrir löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Þar verða lögreglan, Landhelgisgæslan, Tollgæslan Neyðarlínan, Slysavarnafélagið Landsbjörg og yfirstjórn slökkviliðsins.

Borgin fær á móti 40 þúsund fermetra byggingarlóð í Fossvogi

sunnan og austan við lóð Borgarspítalans.

Pawel Bartoszek, formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur, segir að þar eigi að byggja íbúðir og mögulega einnig hjúkrunarheimili.

„Við sjáum fyrir okkur að fyrstu skref í skipulagsvinnu gætu hafist á þessu ári,“ segir Pawel. Fjöldi íbúanna verði talinn í hundruðum.

„Við myndum horfa á byggð sem væri sambærileg þeirri byggð sem þarna er í kring,“ segir Pawel sem kveðst ekki geta útlistað nánar á þessu stigi hvernig byggðamynstrið nákvæmlega verði. „En við höfum almennan metnað um að reyna að byggja sæmilega þétt,“ ítrekar formaður skipulagsráðs. ■



Fosshótel í Þórunnartúni átti í miklum rekstrarerfiðleikum í faraldrinum og samdi um rekstur farsóttarhótel.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eigandi hótelbyggingar sjái samning um farsóttarhótel

Sjúkratryggingum Íslands hefur verið gert að afhenda Íþöku fasteignum, eiganda Þórunnartúns 1, samning við Fosshótel um notkun hússins fyrir sóttkvíarhótel. Íþaka segir Fosshótel hafa verið í miklum vanskilum og framleigt bygginguna í leyfisleysi.

gar@frettabladid.is

ÚRSKURÐIR Íþaka fasteignir eiga rétt á að fá aðgang að samningi um framleigu á byggingu félagsins við Þórunnartún undir farsóttarhótel.

Lögmaður Íþöku fasteigna kærði um miðjan júlí í fyrra synjun Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) á beiðni um aðgang að samningi við Fosshótel Reykjavík um afnot af Þórunnartúni 1 um hótelþjónustu fyrir fólk í sóttkví vegna Covid-19.

Kemur fram í umfjöllun úrskurðarnefndar um upplýsingamál að Íþaka og Fosshótel hafi deilt um leiguskyldu í kórónaveirufaraldrinum. Hafi Íþaka sagt að Fosshótel hafi ekki greitt leigu frá því í mars 2020, að frátöldum nokkrum mánuðum er félagið hafi greitt ýmist 20 prósent eða 50 prósent leigu.

Er rakið af hálfu Íþöku að í lok mars 2021 hafi Fosshótel fengið heimild til greiðsluskjól. „Skömmu síðar hafi verið fjallað um í fjölmiðlum að Sjúkratryggingar Íslands hefðu samið við Fosshótel Reykjavík um leigu á hótelinu,“ er vitnað til sjónarmiða Íþöku sem kveðst hvorki hafa verið tilkynnt um samninginn né verið beðið um heimild fyrir honum þrátt fyrir



Stjórnvald getur ekki samið við aðila um að trúnaður ríki um það sem þeirra fer á milli.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál

ákvæði leigusamningsins um að samþykki þyrfti fyrir framleigu. Á sama tíma væri Fosshótel ekki að greiða fulla húsaleigu og neiti að upplýsa hvaða tekjur það hafi af leigu á fasteign Íþöku.

„Fosshótel Reykjavík sé í stórfelldum vanskilum með húsaleigu, engar tryggingar séu fyrir efnendum leigusamningsins og hótelið sé nýtt til annars en um var samið. Allt séu þetta ástæður sem myndu veita kæranda heimild til að rifta leigusamningi aðila ef ekki væri fyrir greiðsluskjól Fosshótel Reykjavík,“ segir áfram um málsástæður Íþöku.

Þegar Sjúkratryggingar synjaði ósk Íþöku sagðist stofnunin hafa í apríl 2021 gert samning við Íslandshótel hf., móðurfélag FHR, um afnot af nokkrum hótelum. Þar á meðal hafi verið Fosshótel Reykjavík. „Enginn samningur hafi hins vegar verið gerður við FHR. Því gætu SÍ, þegar af þeirri ástæðu, ekki orðið

við kröfu kæranda um afhendingu samningsins,“ segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar.

Þá kvæðust Sjúkratryggingar hafa óskað eftir afstöðu Íslandshótela sem hafi sagt afhendingu samningsins geta haft skaðlegar afleiðingar fyrir félagið, meðal annars skaðað viðskiptasambönd. Hafi hagsmunir Íslandshótela af því að opinbera ekki umræddar upplýsingar verið metnar meiri og ríkari en hagsmunir Íþöku af að fá aðgang að þeim.

Íþaka sagði vandséð hvernig hagsmunir Íslandshótela vegi þyngra en hagsmunir Íþöku sem eiganda fasteignarinnar, sem ekki hafi fengið greitt fyrir afnot hennar að fullu. Benti félagið á að upplýsingarnar um efni samningsins varði einnig ráðstöfun opinberra fjármuna sem bæði það og almenningur hefði hagsmuni af því að geta kynnt sér.

Sjúkratryggingar sögðu meðal annars að traust og sá trúnaður sem ríkt hafi á milli ríkisins og viðsejenda þess hafi skipt sköpum um kjörin sem fengust á leigu húsnæðis undir farsóttar- og sóttkvíarhúsum.

Úrskurðarnefndin ýmist hafnar sjónarmiðum Fosshótela eða telur þau vera langsótt. „Stjórnvald getur ekki samið við aðila um að trúnaður ríki um það sem þeirra fer á milli, nema upplýsingarnar falli ótvírætt undir eitthvert af undanþáguákvæðum laganna. Það hefur því ekki þýðingu við úrlausn þessa máls þótt í samningi SÍ og ÍH komi fram að hann skuli vera trúnaðarmál,“ segir í úrskurðinum. ■

FUNDARBOÐ

Aðalfundur MS-félags Íslands



Aðalfundur MS-félags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 10. maí kl. 17:00 að Sléttuvegi 5, Reykjavík. Húsið opnar kl. 16:30.

Dagskrá fundar:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Lagabreytingar

Tillaga að breytingu í félag til almannaheilla og skyldar breytingar. Tillaga að málfarsbreytingum í átt að kynhlutlausu máli. Sjá nánar á heimasíðunni www.msfelag.is.

Félagar eru hvattir til að gefa kost á sér í stjórn og nefndir og skal tilkynna um framboð til skrifstofu eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa félagar sem eru skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir fundinn.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins www.msfelag.is.

Kaffi og veitingar í boði félagsins.

Virðingarfyllst,
Stjórn MS-félags Íslands

Bílasalar biðja um biðlund hjá fólki

ser@frettabladid.is

SAMFÉLAG Forkólfar Bensinlaus.is þvertaka fyrir að viðskiptavinir þeirra hafi verið sviknir um fjármuni og bifreiðar.

Í yfirlýsingu sem þeir sendu frá sér í gær segir að á þeim tveimur árum sem félagið hefur starfað hafi það „afhent alla þá bíla sem hafa verið pantaðir, að undantöldum þeim sem eru í pöntunarferli, þ.e. í framleiðslu, í undirbúningi fyrir innflutning eða á leiðinni til landsins.“

Fréttablaðið fjallaði fyrir helgi



Jóhannes Þór Jóhannesson, ellilífeyrisþegi

og um helgina ítarlega um ásakningar fyrrverandi starfsmanna bílasölnunnar og viðskiptavina á hendur eigendum Bensinlaus.is fyrir að selja bíla sem væru ekki til. Jóhannes Þór

Jóhannesson ellilífeyrisþegi sagði þar farir sínar ekki sléttar, en hann hefur engar spurnir haft af Ford Mustang draumabílnum sínum sem hann staðgreiddi á skrifstofu Bensinlaus.is fyrir rúmum þremur mánuðum. Lögmaður hans og lögregla eru komin í málið, að hans sögn.

„Í einhverjum tilfellum hafa orðið örliðlar tafir á pöntunum,“ segir í yfirlýsingu bílasalanna sem segjast vera staddir á Marbella á Spáni „þar sem félagið hefur verið með starfsemi frá stofnun.“ ■

Smart modular Einbýli - 108 m²



**Einstaklega vönduð einbýlishús
sem afhendast tilbúin og uppsett
á lóð kaupanda - Sökull reiknast sér.**



- Gólfhiti og hægt að tengja við hitaveitu
- Allar lagnir eru til staðar
- Allar raflagnir eru til staðar
- Vatnsgólfhiti er í öllum rýmum
- Öll ljós tenglar og rofar eru til staðar
- Allir gluggar hurðir og innihurðir eru til staðar

- Eldhús afhendist fullbúið með vandaðri innréttingu með eyju
- Einangruð gólf eru í húsunum og engin þörf á að steypa botnplötu
- Grind allann hringinn er 8 tommu
- Húsin eru einangruð með steinull
- 200 í útveggjum - 250mm í loftum og gólfum
- Falinn þakhalli - hæsti punktur 3.5 metrar

Kynningarverð 29.900.000



Smart modular á Íslandi

Klettatröð 2 | 235 Reykjanesbær | S. 7839211 | info@icesmartmodular.net

Varla rasismi



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Ungur maður strýkur úr haldi lögreglu við héraðsdóm þar sem mál hans er til meðferðar og umfangsmikil leit lögreglu að honum hefst um leið. Lýst er eftir unga mannum í fjölmiðlum þar sem mynd fylgir ásamt nánari lýsingu á útliti hans. Maðurinn er þeldökkur, í minnihlutahóp. Þótt fanginn sé ungur að árum á hann að baki langan og ofbeldisfullan afbrotaférl. Sextán ára gamall var hann kærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og ári síðar fyrir ofbeldis- og líflátshótanir gegn lögreglu. Til meðferðar í héraðsdómi var mál þar sem honum og fleirum er gert að sök að hafa þvingað háar fjarhæðir út úr manni með hótunum um líkamsmeiðingar og líflát.

Rík ástæða var því fyrir viðbúnaði lögreglu sem lagði mikið í leitina. Þeirri sömu lögreglu og hefur nú verið gefið að sök að hafa verið drifin áfram af kynþáttafordómum þegar hún hafði í tvígang afskipti af 16 ára dreng eftir ábendingum almennings – sem sérstaklega hafði verið kallað eftir í fjölmiðlum. Móðir drengsins segir afskiptin hafa valdið syni hennar áfalli og lýsir reynslunni allri sem niðurlægjandi. Það hefur hún án efa verið – og verulega óþægileg. Ríkislögrelustjóri, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, hefur átt fund með móðurinni og lögregluembættið sent frá sér tilkynningu þar sem atvikin eru hörmuð og ábendingar móðurinnar sagðar teknar til athugunar.

Saklaus sextán ára drengur upplifði sig óruggan gagnvart valdstjórninni og fannst að frelsi sínu vegið. Það er ómurleg upplifun.

En er það rasismi? Ef miðað er við hitann í umræðunni, og þá helst á samfélagsmiðlum, er svarið já en ég voga mér að efast. Engar vísbendingar eru um annað en að lögreglan hafi verið að sinna starfi sínu, að leita eftirlýsts fanga og kanna hverja vísbendingu. Samkvæmt myndbandi af afskiptum lögreglu af þeim mæðginum er ekki að sjá að fyrir laganna vörðum hafi vakað nokkuð annað en að ganga úr skugga um að þar sæti ekki í bakari, innan um snúðasnæðandi almúgann, eftirlýstur strokufangi.

Samfélag okkar, sem er sífellt að verða fjölbreyttara, má klárlega við því að taka samtalið um kynþáttafordóma. Niðrandi athugasemdir um fólk af öðrum uppruna í kommentakerfum fjölmiðla og á samfélagsmiðlum, sanna það. Við ættum að sýna kjark til að taka það samtal af fullum þunga.

En að líkja stöðunni hér við það sorglega menningarstríð sem geisad hefur í Bandaríkjunum um árabí, eins og digurbarkalega hefur verið gert í heimi samfélagsmiðla, er hreinlega hjákátlegt og málstað þeirra sem uppræta vilja fordóma síst til framdráttar. ■

” En er það rasismi? Ef miðað er við hitann í umræðunni, og þá helst á samfélagsmiðlum, er svarið já en ég voga mér að efast.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Staurinn á stígnum

Hönnun verkfræðistofu á vegum borgarinnar á að koma hraðahindrunarskilti fyrir bíla á miðjum hjólastíg og enda Borgartúns hefur vakið furðu margra en samt ekki – enda borgin uppfull af álíka mistökum. Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata og varaformaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur, skeiðaði fram á ritvöllinn á samfélagsmiðlinum Twitter og benti á hvað kerfið er holótt, ekki ósvipað og götur borgarinnar.

Uppsakar hún mikið hrós á samfélagsmiðlinum – enda öllum ljóst að skiltið um hraðahindrun fyrir bíla á ekki heima á hjólastíg.

Ný slagorð

Slagorð fyrir kosningar skipta öllu máli. Það vita Framsóknarmenn best enda voru þeir með stórkostlegt slagorð fyrir alþingiskosningar: Er ekki bara best að kjósa Framsókn? Á kaffistofum bæjarins er nú gasprað um að aðrir stjórnmálaflokkar ætli að herma eftir Framsókn í komandi sveitarstjórnarkosningum. VG ætli að vera með slagorðið: Er ekki bara best að treysta Bjarna? Sjálfstæðisflokkurinn myndi fara í: Er ekki bara best að treysta pabba? og Framsókn myndi bjóða upp á: Er ekki bara best að drekka heima? ■

Neysla á jöði minnkað



Alma Möller
landlæknir

Niðurstöður landskönnunar á mataræði árin 2019-2021 sýndu að jöðneysla hefur minnkað um 20% frá síðustu landskönnun og er nú 134 mikrógrömm á dag að meðaltali. Ráðlagður dagskammtur (RDS) fyrir jöð er 150 mikrógrömm á dag. Meðaljöðneysla er undir ráðlögðum dagskammti hjá 80% kvenna og 60% karla, en 24% kvenna í yngsta aldurshópnum (18-39 ára) eru undir lágmarksþörf á jöði (70 µg/dag), aðallega vegna minni mjólkurneyslu og lítillar fiskneyslu.

Jöð er mikilvægt fyrir alla en sérstaklega barnshafandi konur því jöð er afar mikilvægt fyrir fósturþroska og þroska barnsins eftir fæðingu. Nýleg íslensk rannsókn meðal barnshafandi kvenna sýndi fram á jöðskort hjá þessum hópi, en það er í fyrsta sinn sem það sést hérlandis. Ráðlagður dagskammtur jöðs fyrir barnshafandi konur er 175 mikrógrömm á dag og 200 mikrógrömm fyrir konur með barn á brjósti.

En hvernig er auðveldast að uppfylla ráðlagðan dagskammt af jöði? Helstu jöðgjafar fæðunnar eru mjólk og hvítur fiskur, sérstaklega ýsa. Auðveldast er að uppfylla þörfina fyrir jöð með því að neyta tveggja skammta eða 500 gramma af mjólk eða mjólkurvörum á dag og fisks 2-3 sinnum í viku. Barnshafandi konur sem fylgja þessum ráðleggingum ættu að fá nægjanlegt magn af jöði.

Þær konur sem borða sjaldan fisk og neyta lítillar mjólkur og mjólkurvara geta verið í hættu á að fá ekki nóg jöð. Við slíkar aðstæður er barnshafandi konum ráðlagt að taka daglega fæðubótarefni (fjöl-vítamín) sem inniheldur 150 mikrógrömm af jöði. Byrja skal töku á fæðubótarefninu eins snemma á meðgöngu og mögulegt er og helst þegar byrjað er að skipuleggja barneignir. Fordast skal meiri jöðneyslu en 600 mikrógrömm á dag.

Barnshafandi konur ættu að fordast að nota þara eða þaratöflur sem jöðgjafa þar sem þari getur innihaldið jöð í stærra skömmtum en æskilegt er að neyta á meðgöngu og einnig önnur efni sem geta verið skaðleg fyrir fóstrið. ■

” Helstu jöðgjafar fæðunnar eru mjólk og hvítur fiskur, sérstaklega ýsa.

Sjálfvirkur opunarþúnaður og snertilausir rofar frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

JARN & GLER
Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Hvað ætlar Carbfix að gera við peningana sem Elon Musk gaf?



Dr. Kári Helgason
forstöðumaður
rannsókna og
nýsköpunar hjá
Carbfix

Á Degi jarðar tilkynnti Elon Musk um fimmtán líð sem hlutu eina milljón dollara hvert, eða tæplega 130 milljónir króna, í alþjóðlegri samkeppni á hans vegum um bestu raunhæfu tæknilausnirnar til að fjarlægja koldíoxíð úr andrúmsloftinu. Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Carbfix hlaut ekki aðeins ein heldur tvenn af fimmtán verðlaunum í þessum áfanga keppinnar, þar sem yfir þúsund teymi voru skráð til leiks.

Í nýjustu skýrslu IPCC kemur skýrt fram að heimurinn hefur enga möguleika til að ná loftslagsmarkmiðum sínum án umfangsmikillar kolefnisföngunar og -förgunar. Samhliða því að minnka losun frá iðnaði og orkuframleiðslu þarf að draga koldíoxíð úr andrúmsloftinu með öllum tiltækum leiðum, bæði náttúrulegum á borð við skógrækt og landgræðslu og tæknilegum á borð við lofthreinsiver og förgun.

Lofthreinsiverum má líkja við „öfuga strompa“; tæki sem soga til sín koldíoxíð í stað þess að sleppa því út og hreinsa þannig upp gamlar syndir. Carbfix hlaut XPRIZE verðlaunin í samstarfi við tæknifyrirtæki sem fanga koldíoxíð beint úr andrúmsloftinu með nýstárlegum aðferðum sem sjötíu dómurum samkeppinnar þóttu á meðal þeirra raunhæfustu.

Vert er að skoða helstu ástæður þess að íslenskt fyrirtæki stendur uppi sem sigurvegari í stórra alþjóðlegri samkeppni með áhrifamatt Elon Musk.

Margir fanga, fáir farga

Í reglum keppinnar segir að koldíoxíð skuli fjarlæggt varanlega úr andrúmsloftinu. Tæknilausnum sem fanga koldíoxíð beint úr andrúmsloftinu fleygir nú fram sem aldrei fyrr með tilheyrandi samdrætti í kostnaði og orkunotkun. Á sama tíma er skortur á hagkvæmum lausnum til að farga koldíoxíðinu á öruggan og varanlegan hátt. Þegar búið er að fanga það úr andrúmsloftinu blasir nefnilega við vandamálið: Hvað á að gera við það?

Carbfix er eitt fárra fyrirtækja í



Orkuauðlindir Íslands eru takmarkaðar og þær ber að nýta skynsamlega.

heiminum sem hafa þróað lausn til að farga koldíoxíði á öruggan og varanlegan hátt. Lausnin felst í að hraða náttúrulegum ferlum sem binda koldíoxíð í berg. Þetta er gert með því að leysa það í vatni og dæla því niður í gljúpt basalt, þar sem það breytist í fastar steindir um aldur og ævi. Carbfix tæknin er einstök á heimsvísu, margsannreynd og jafnframt örugg, umhverfisvæn og tiltölulega ódýr. Þar að auki hefur teymið áunnið sér traust með fjölda ritrýndra vísindagreina og langri rekstrarreynslu sem tvinnar saman verkfræði, efnafræði og jarðvísindi.

Vegna þessa sækjast fjölmörg fyrirtæki eftir samstarfi við Carbfix um að setja upp lofthreinsiver á Íslandi eða annars staðar í heiminum. Fyrsta lofthreinsiver sinnar tegundar í heiminum, sem reist var af svissneska fyrirtækinu Climeworks í Jarðhitagarði Orku náttúrunnar á Hellisheiði síðastliðið haust, vakti heimsathygli. Þessi vegferð hefur rækilega fest Ísland í sessi sem leiðandi í kolefnisförgun og gert gljúpt basalt að áður óþekktri auðlind.

Allt þetta endurspeglast í tveggja

milljóna dollara XPRIZE verðlaunum frá Elon Musk Foundation, þar sem Carbfix vinnur með tveimur spennandi tæknifyrirtækjum að kolefnisföngun beint úr andrúmslofti og varanlegri steinrenningu þess.

Fyrirtækin sem um ræðir eru annars vegar Heirloom í Kísildalnum og hins vegar Verdox sem á rætur sínar að rekja til MIT-háskólans. Aðferðirnar sem þau beita til kolefnisföngunar úr andrúmslofti eru ólíkar en hafa það sameiginlegt að notast eingöngu við rafmagn. Kostnaður og orkunotkun eru lægri en áður hefur þekkt. Markmiðið er að setja upp lofthreinsiver beggja fyrirtækja á Íslandi á næstu tveimur til þremur árum og keppa um 60 milljóna dollara fyrstu verðlaun XPRIZE.

Orkuauðlindir Íslands eru takmarkaðar og þær ber að nýta skynsamlega. Því er ljóst að Ísland verður ekki með allra stórtækustu þjóðum í kolefnisföngun og -förgun. Hins vegar getur Ísland tekið sér leiðandi hlutverk í að þroska og hraða nýjum lausnum og hjálpa fyrirtækjum að stíga sín fyrstu skref utan rannsóknastofunnar. Framlag Íslands til loftslagsmála er ekki eingöngu talið í tonnum af koldíoxíði heldur líka þeim krafti sem við beinum í kapphlaupid um lausnir sem loftslagsaðgerðir krefjast. Hvað okkur varðar er hér er allt til reiðu: basalt, vatn og endurnýjanleg orka.

Ísland hefur nú þegar skapað sér sérstöðu sem vakið hefur heimsathygli. Carbfix mun nýta XPRIZE verðlaunin til að byggja undir forskotið sem náðst hefur með því að setja á fót nýsköpunargarða fyrir fjölbreytta lofthreinsitækni. ■



Konur í sárrí neyð í Reykjavík



Natalie Guðriður Gunnarsdóttir
stuðningsfulltrúi og háskólanemi, skipar 4. sæti á framboðslista Flokks fólksins



Kolbrún Baldursdóttir
oddviti Flokks fólksins í Reykjavík og sálfræðingur, skipar 1. sæti á framboðslista Flokks fólksins

Neyð heimilislausra kvenna er meiri en karla því þær hafa ekki sömu úrræði í neyslu og karlar.

verkefni eru að lif þessara kvenna sé ekki mikils virði.

Bregðumst strax við vandanum

Flokkur fólksins vill að Reykjavíkurborg horfist strax í augu við sáran vanda heimilislausra kvenna og axli þar ábyrgð. Neyðarskýli verða að standa þeim opin allan sólarhringinn og einnig þarf að finna þeim varanleg úrræði. Það kallar á auknar fjárheimildir. Auk þess að tryggja þessum hópi þak yfir höfuðið á þeirra forsendum, viljum við í Flokki fólksins að unnin sé meiri fyrirbyggjandi vinna fremur en að einblína aðeins á að slökkva elda. „Húsnæði fyrst“–aðferðafræðin kveður á um að öruggt þak yfir höfuðið sé bæði grunnþörf og grundvallarmannréttindi. Aðeins þegar þessari grunnþörf sé mætt, geti einstaklingurinn ráðið við aðrar áskoranir. Heimili er því forsenda fyrir árangri vimefnamedferðar eða meðferðar við geðrænum vanda meðal kvenna á vergangi.

Heimilisleysi velur sér engin. Það er félagsleg afleiðing áfalla þar sem kerfið hefur brugðist. Þessar konur þurfa faglegan stuðning til að geta komið lifi sínu á réttan kjöl. Við í Flokki fólksins ætlum að svara því kalli.

Fólkið fyrst – svo allt hitt! ■

Mikil vöntun er í Reykjavík á húsnæði og neyðarskýlum fyrir konur með fjölbættan vanda. Neyð heimilislausra kvenna er meiri en karla því þær hafa ekki sömu úrræði í neyslu og karlar. Á götunni snýst allt um að lifa af og það getur leitt af sér enn meiri áföll. Þar er konum nauðgað, þær eru fórnarlömb mansals og misþyrminga og verða sífellt að vera á varðbergi. Kerfið í borginni má ekki bregðast konum í svo bágrri stöðu.

Konukot er komið að þölmörkuðum hvað rými varðar. Á ári hverju sækja um 100 konur þjónustu Konukots en heimilisleysi kvenna er oft falið og því má gera ráð fyrir að talan sé mun hærrí. Í Covid-faraldrinum var sett á laggirnar sér-tækt úrræði fyrir konur. Það bættist við Konukot og var starfrækt allan sólarhringinn. Úrræðið reyndist vel en því var samt lokað þegar faraldurinn rénaði. Skilaboðin sem Reykjavíkurborg sendir með því að loka þessu litla úrræði meðan milljörðum er mokað í umdeilanleg



FRÉTTAVAKTIN

kl. 18.30 á virkum dögum

Fréttavaktin er fjölbreytt fréttu-umfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmíðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT



Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Eggert Thorberg Kjartansson
múrari,
frá Fremri-Langey,
lést á taugalækningadeild Landspítalans í Fossvogi 17. apríl síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 29. apríl kl. 11.

Hólmfríður Gísladóttir
Kjartan Eggertsson
Eggert Eggertsson
Gisli Karel Eggertsson
Snorri Pétur Eggertsson
Lilja Eggertsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Svanhvit Sigurðardóttir
Þyri Valdimarsdóttir
Anna Sigríður Þráinsdóttir
Svava María Þórðardóttir
Guðlaugur Ingi Harðarson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, vinkona, amma og langamma,
Edda Laufey Pálsdóttir
Fróðengi 1, Reykjavík,
áður til heimilis að
Hafnarbergi 16, Þorlákshöfn,
lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 16. apríl. Útförin fer fram frá Þorlákskirkju þriðjudaginn 26. apríl kl. 13. Streymt verður frá útförinni á:
laef.is/edda-laufey-palsdottir

Laufey Elfa Svansdóttir
Páll Kristján Svansson
Guðrún I. Svansdóttir
Árni Vilhjálmsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Tor Ulset
Kristín Berglind Kristjánsdóttir
Bjarni Jónsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Jóhann Már Mariússon
verkfræðingur,
Lindargötu 33,
sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 6. apríl, verður jarðsunninn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 26. apríl kl. 13.

Sigrún Gísladóttir
Gisli Másson
Már Másson
Guðrún Másdóttir
Vigdís Másdóttir
og barnabörn.

Freyja Hreinsdóttir
Sigríður Maack
Örn Orrason
Tobias Helmer
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigríður Kristjánsdóttir
húsmæðrakennari,
lést á Hrafnistu, Laugarási, á sumardaginn fyrsta, 21. apríl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 10. maí kl. 13.00.

Egill Benedikt Hreinsson
Kristján Jónasson
Aðalbjörg Jónasdóttir
Gunnlaugur Jónasson
Áslaug Jónasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Áslaug Ásgeirsdóttir
Elin G. Helgadóttir
Helgi Árnason
Sólveig Jóhannesdóttir
Þórir Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Gunnar I. Guðjónsson
listmálari,
frá Bjarnastöðum
á Grímsstaðaholtinu í Reykjavík,
lést á Hjúkrunarheimilinu Hömrum, hinn 12. apríl. Útför fer fram frá Neskirkju þann 28. apríl kl. 15.00.

Ásdís Birta Gunnarsdóttir
Hlynur Gunnarsson
Dagmar Evelyn Gunnarsdóttir
Alexandra Anita Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður Á. Hjartarson
Viktória Rán Ólafsdóttir
Ófeigur Ólafsson
Erik Bjarni Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur bróðir okkar,
Ásgeir Sigurðsson
Höfn í Hornafirði,
lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði 19. apríl sl. Útför fer fram frá Hafnarkirkju laugardaginn 7. maí kl. 11. Streymt verður frá athöfninni.

Guðmundur Sigurðsson
Hilmar Sigurðsson
Dagbjört Sigurðardóttir
Aldís Sigurðardóttir
Karl Þ. Sigurðsson
Sigríður Sigurðardóttir
og aðrir aðstandendur.

Vilborg Jóhannsdóttir
Guðrún Kristjánsdóttir
Finnur Jónsson
Guðmundur Eiríksson
Svava Eyjólfsdóttir
Sæmundur Gíslason
og aðrir aðstandendur.



Okkar ástkæra móðir, stjúpmodir, tengdamóðir, amma og langamma,
Soffía H. Jónsdóttir
Lautasmára 20, Kópavogi,
lést á Landspítalanum föstudaginn 22. apríl.

Guðrún Dóra Gísladóttir
Jón Bender
Guðleif Bender
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ástvinir.

Páll Snæbjörnsson
Guðrún Ragnarsdóttir
G. Aðalsteinn Gunnarsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ása Guðbjörnsdóttir
lést á heimili sínu Hömrum, Mosfellsbæ, föstudaginn 8. apríl. Útförin fer fram í Guðriðarkirkju föstudaginn 29. apríl kl. 13. Hjartans þakkir til starfsfólks Hamra fyrir hlýja og góða umönnun. Þeir sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin.

Kristín Dagný Þorlákssdóttir
Ásgeir Þorláksson
Vilhjálmur Þorláksson
barnabörn og barnabarnabörn.

Eva Hildur Kristjánsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Þorgeir Pétursson



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og dóttir,
Anna Kristín Haraldsdóttir
sjúkraliði,
lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, föstudaginn langa, 15. apríl. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 28. apríl kl. 13.

Haldór Árni Sveinsson
Haraldur Gunnarsson
Hilmar Árni Halldórsson
Hörður Brynjar Halldórsson
Bryndís Jónsdóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,
Ellert Karlsson,
Birtingakvísl 15, Reykjavík,
lést 13. apríl.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 29. apríl kl. 13.

Ásdís Þórðardóttir
Bryndís Helga Ellertsdóttir
Kristján Unnar Ellertsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Erna G. Sigurðardóttir
áður til heimilis að Birkivöllum 32, Selfossi,
lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 6. apríl. Útför hennar fer fram frá Selfoskirkju 29. apríl kl. 14.

Óskar Björgvinsson
Hafsteinn Björgvinsson
Erla Björg Hafsteinsdóttir
Kristín Hafsteinsdóttir
Hólmfríður Hafsteinsdóttir
og barnabarnabörn.

Dórathea Margrétardóttir
Linda Andrésdóttir
Hermann Ragnarsson
Friðjón Pálsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Þorsteinn Eggertsson
lést á Landspítalanum, laugardaginn 9. apríl. Útförin fer fram frá Víðalíniskirkju, Garðabæ, föstudaginn 29. apríl klukkan 13.

Ágústa Birna Árnadóttir
Lovísa Sigrún Svavarsdóttir
Bjarni Svavarsson
Sigurlaug Þorsteinsdóttir
Árni Þorsteinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Anton Antonsson
Herdís Wöhler
Arnar Hannesson
Ragna Hafsteinsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Björg Sigríður Kristjánsdóttir
frá Grindavík
lést 22. apríl á Hrafnistu Hafnarfirði. Útförin fer fram frá Lindakirkju miðvikudaginn 27. apríl kl. 13. Innilegar þakkir til starfsfólks Hrafnistu Hafnarfirði fyrir frábæra þjónustu.

Kristján Grétar Ólafsson
Guðrún Björg Ólafsdóttir
Helgi Jón Ólafsson
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

Sólveig Guðmundsdóttir
Sigríður Hrefna Jósefsdóttir

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á tímamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 26. apríl 2022



Kaffikorgur þarf ekki að fara í ruslið.

Korgur er gersemi

thordisg@frettabladid.is

Þegar hellt er upp á kaffi tókum við bragð og lit úr kaffibaununum en skiljum næringu þeirra og orku eftir í kaffikorgnum. Því er tilvalið að endurnýta korginn.

Best er að leggja korg á ofnplötu og þurrka í bakarofni. Í kaffikorgi er gnótt næringar sem nýtist fyrir pottaplöntur innanhúss og utan. Korgur nýtist líka vel gegn sniglum og skordýrum sem sækja í plöntur og sé korgi dreift yfir moldina heldur það óværunni í burtu. Sama á við um ketti ef þeir sækja í garða. Þá gagnast að strá kaffikorgi og appelsínuhýði í moldina.

Kaffikorgur dugur vel til að losna við ólykt af höndum eftir að hafa skorið lauk eða fisk. Þá nuddum við kaffikorgi á hendurnar, með eða án sápu. Korgur gagnast líka vel til að fjarlægja vonda lykt úr ísskáp og frysti, sem og við að hreinsa loft í gömlum fataskápum eða húsvögnum. ■

Næringarríkur kaffiskrúbbur

2 dl kaffikorgur

1 dl hrásykur

0,5 dl avókadóolía

1 dl kókosolíu

1 tsk. mólud kardimomma

10 dropar kardimomu-ilmkjarnaolíu

Bræðið kókosolíu í vatnsbaði og bætið við öðrum innihaldsefnum. Hellið í krukku og notið til að fjarlægja ólykt af höndum í eldhúsinu eða skrúbbu líkamann í baðinu.

HEIMILD: LEIDBEININGASTOD.IS

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTSALOE VERA
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is

Kjell Hymer hefur stundað útivist í áratugi. Hann gengur, hjólar og fer á gönguskiði á þeim fjölmörgu útivistarsvæðum sem finna má á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Göngur eru alveg frábær leið til þess að kynnast landinu vel

Kjell Hymer hefur alla tíð stundað mikla útivist, bæði á Íslandi og í Noregi. Hann gengur, hjólar og fer á gönguskiði á veturna. Hann varð sjötugur fyrir skemmstu og segist finna fyrir því að göngutúrar og hjólreiðar henti hans aldri alveg sérstaklega vel. **2**



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Kjell leggur áherslu á að hann sé engin sérfræðingur í útivist og heilsu. „Ég er bara venjulegur maður sem hef gaman af að hreyfa mig,“ segir hann. „En ég er ekkert betri en aðrir í því.“

Það er samt nokkuð ljóst að hægt er að taka Kjell sér til fyrirmyndar þegar kemur að því að stunda daglega hreyfingu til heilsubótar.

„Ég hef alla tíð stundað mikla útivist. Alveg frá því ég var mjög lítil. En það kom tímabil þar sem ég minnkaði það. En síðustu 10-15 árin hef ég verið að taka mig á, sérstaklega þegar ég áttaði mig á því að ég var að fara að nálgast eftirlauna aldur. Þá ákvað ég að breyta um stefnu og fara aftur meira út að hreyfa mig,“ segir Kjell.

„Ég varð sjötugur fyrir nokkrum vikum síðan og núna er stefnan að hreyfa mig fjórum til sex sinnum í viku. Þá fyrst og fremst að fara í lengri göngutúra og hjólréiðar. Gönguferðirnar geta til dæmis verið í kringum Kársnes, upp í Breiðholt og í Heiðmörk, ég hef gengið mikið þar. Ég hef verið í gönguhóp og gengið mikið með honum í gegnum tíðina en það hefur minnkað eftir að ég varð eldri,“ útskýrir hann.

Kjell lætur göngur ekki duga, á veturna fer hann einnig mikið á gönguskiði og segir aðstöðuna til gönguskiðaiðkunar á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess til fyrirmyndar.

„Það er búið að vera frábært færi í Heiðmörk í vetur og líka á Hólmsheiði og í Bláfjöllum. Þetta eru frábær útivistarsvæði yfir vetrartímann, aðstaðan er mjög flott. Það er orðið svo auðvelt að stunda útiveru í dag, það eru finir og öruggir hjólréiða- og göngustígar úti um allt. Þetta hefur batnað mikið á undanförunum árum,“ segir hann.

Úrvalið betra en áður

Kjell segist finna fyrir meiri áhuga meðal fólks á útivist núna en áður var. Hann segir einnig að úrvalið og gæðin á skiðum og hjólum hafi aukist mikið.

„Fyrir 20 til 30 árum var til dæmis erfitt að finna gönguskiði. En úrvalið hefur batnað gríðarlega, bæði á útivistarbúnaði, fatnaði og öllu sem snýr að gönguferðum og útivist,“ segir hann.

Þegar Kjell er spurður hvort útivist sé aðaláhugamálið svarar hann að áhugamálin séu mörg.

„En ég þarf að hreyfa mig reglulega. Ég fer stundum einn en ég er líka í gönguhóp, en eins og ég sagði áðan þá fer ég minna með þeim núna en áður. En ég hjóla mikið og fer á skiði með tveimur vinum mínum,“ segir hann.

Kjell hefur ekki látið duga að fara á gönguskiði á veturna en hann á hjólaskíði sem hann hefur notað til að æfa sig á sumrin.

„Ég notaði þau meira þegar ég var yngri, í dag þarf ég að passa mig, maður þarf að hafa gott jafnvægi á hjólaskíðum. Þegar maður er kominn á þennan aldur er maður smeykur við að detta, en ég ætla samt að fara eitthvað á þau í sumar,“ segir Kjell hress.

„Ég notaði líka mikið kajak þegar ég var yngri. En fyrst og fremst finn ég, þegar ég er kominn á þennan aldur, að það að hjóla og ganga er ofsalega góð hreyfing. Það er alveg nauðsynlegt að ganga, ég finn það. Það þarf ekki að hlaupa það fer verr með líkamann, en að ganga í góðum gönguskóm er það besta.

Það er líka gott að ganga með stafi. Til dæmis ef fólk fer í Heiðmörk og eða á Esjuna og notar stafi þá brennir það meiru. En ég viðurkenni að ég er ekki nógu duglegur að nota stafi.“



Kjell segist finna fyrir meiri áhuga meðal fólks á útivist núna en áður var. Hér er hann við hjólið sitt sem hann notar mikið.



Að ganga í góðum gönguskóm er það besta.

Kom ungur frá Noregi til Íslands
Kjell er norskur en flutti til Íslands sem ungur maður. Í Noregi vandist hann því að stunda mikla útivist og fer hann enn reglulega þangað þar sem hann á bústað í fjöllumunum.

„Ég var 27 eða 28 ára þegar ég kom til Íslands. Ég stundaði gönguskiði mikið í Noregi og líka skiði. Ég er nýkominn heim frá Noregi úr bústaðnum mínum. Mér finnst gott að fara þangað og njóta útiveru,“ segir hann.

„Mér finnst líka frábært að stunda útivist á Íslandi. Áður fyrr fór ég mikið á hálendi með

gönguhópnum mínum, en ég var í sama gönguhópnum í 20-25 ár. Við fórum mikið á hálendi á sumrin. Við gengum út um allt, austur og vestur, suður og norður. Við byrjuðum frumstætt og gengum með tjöld og allt með okkur. En það endaði svo í meiri lúxus síðustu árin þar sem við gistum í skálum,“ segir hann og hlær.

Kjell segir að sér finnst göngur frábær leið til að skoða landið.

„Sérstaklega þar sem ég er útlendingur, þá er frábær leið að kynnast landinu að ganga um

allt. Sérstaklega ef maður er með góða leiðsögumenn, heimamenn sem geta sagt manni til, það er frábært,“ segir hann.

„En það þarf ekki að fara langt. Að nota Esjuna og Heiðmörkina yfir sumartímann er afar gott og Hengilsvæðið er líka flott. Það er fullt af stórkostlegum göngu-leiðum hér í nágrenninu.

Svo má ekki gleyma því að garðvinna er líka góð hreyfing. Fyrir þau sem hafa möguleika á að vinna í garðinum þá er það mjög gott fyrir bæði andlega og líkamlega heilsu.“ ■

Fasteignablaðið

17. TBL. 26. APRÍL 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM



Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNAMIÐLUN

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Frákvæmdastjóri,
lökk. fast., leigumíðlari
896 5222
ingolfur@valholl.is



Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, lögg. fast.,
skjalagerð.
897 1339
hildur@valholl.is



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri,
lökk. fast. B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali.
BA í Stjórnáfræði.
862 1110
hrafnhildur@valholl.is



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is



Hólmfríður Björvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús stílisti
892 8778
anna@valholl.is



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is



Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is



Jónas H. Jónsson
Lögg. eignaskiptayfirlýsandi
Aðstoðarm. fasteignasala
842 1520
jonas@valholl.is

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði



Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Háholt 14, Mosfellsbær

• Sími: 588 5530 • berg@berg.is

• www.berg.is • GSM 897 0047



Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047



Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633



Brynjólfur Jónsson
lögg. fasteignasali
brynjolfur@berg.is
s. 898-9791

Traust þjónusta - mikil sala

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Einbýlishús við Smáraflöt í Garðabæ

Eignamiðlun og Þóra Birgisdóttir lgg.f. kynna skemmtilega hannað einbýlishús á góðum stað á Flötunum í Garðabæ. Smáraflöt 41 er steinsteypt, 215 fm einbýlishús á einni hæð ásamt frístandandi bílskúr. Það er byggt árið 1960 og stendur á 850 fm lóð.

Húsið skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, rúmgott eldhús, tvær stofur, þvottahús og kyndiklefa. Bílskúr er með geymslu. Nánari lýsing: Forstofa er flísalögð með fataskáp. Gestasnyrting er með nettri innréttingu, handlaug og salerni. Komið er inn í opið alrými/hol sem tengir sameiginleg rými hússins á skemmtilegan máta.

Eldhúsið er bjart og rúmgott en það var gert upp ca. 2009, þá voru sameinuð eldhús og borðstofa. Í eldhúsinu er hvít innrétting með granit-bekklötu, góðu skápa- og bekkplássi, vönduð eldhústæki frá Miele, eyja með borðaðstöðu og gluggar sem veita góða birtu inn í eldhús og alrými.

Stofur eru tvær, báðar rúmgóðar og önnur þeirra með gólfsíðum gluggum. Borðstofa er næst eldhúsi, þaðan er hurð út í skjólsælan garð með verönd sem snýr í suðvestur. Gengið er niður tvö þrep í fallega setustofu með hlöðnum arni sem setur hlýlegan svip á rýmið.

Svefnherbergisálma er upprunalega hönnuð með fjórum herbergjum. Tvö þeirra hafa verið sameinuð og eru nú nýtt sem rúmgóð sjónvarpsstofa. Baðherbergi er flísalagt með baðkari, innréttingu, upphengdu salerni og handklæðaofni, gluggi er með opnanlegu fagi.

Gólfefni á eldhúsi, holi, stofum og herbergjum eru ýmist fallegar náttúruflísar eða parket. Þvottahús er flísalagt, nokkuð rúmgott en inn af því er sturtuadstaða. Gengið er frá þvottahúsi út í garð mót norðaustri en þar er einnig góð verönd og skjólsæl.



Fjölskylduvænt einbýlishús í Garðabæ er nú til sölu hjá Eignamiðlun.

MYNDIR/ÁSENDAR



Stofan er rúmgóð og með fallegum arni.


Bílskúrin er rúmgóður, samtals 41,5 fm. Þar er málað gólf, rafmagn og vatn. Innsti hluti bílskúrsins er innréttaður sem geymsla. Góð aðkoma er að húsinu, hellulögð bílastæði með hita undir, gott pláss fyrir tvo bíla. Verönd er bæði sunnan- og norðan megin við húsið og garðurinn gróinn, skjól-góður og sólríkur.

Húsið er vel staðsett á Flötunum í Garðabæ, stutt er í gönguleiðir við hraunið, skóli, leikskóli og

íþróttamannvirki í göngufjarlægð. Stutt er í verslanir og þjónustu á Garðatorgi.

Seljandi eignarinnar er dánarbrú. Erfingjum er ekki kunnugt um ástand fasteignarinnar að öðru leyti en því sem fram kemur í söluýfirliti. ■

Allar frekari upplýsingar veitir Þóra Birgisdóttir lgg.f. í síma 777-2882 eða thora@eignamidlun.is



heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is





Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elin D.
Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður
Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@
fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Fiskislóð 81 – skrifstofuhúsnæði- sérinngangur



- Mjög gott 138,8 fermetra skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, efri hæð, með sérinngangi á neðri hæð við Fiskislóð 81 í Reykjavík. Mjög góð aðkoma og fjöldi bílastæða á lóð.
- Fimm skrifstofuherbergi eru á hæðinni og eru rýmin öll mjög björt og með góðum gluggum og útsýni. Innbyggð ljós eru í öllum loftum hæðarinnar. Víftur eru í loftum í flestum rýmum hæðarinnar og tölvulagnir í herbergjum. Öryggis-myndavélakerfi er utan á húsinu. Leyfi er fyrir geymslugámi á baklóð.
- Virkilega bjart og vel skipulagt skrifstofuhúsnæði með sérinngangi og útsýni á spennandi og ört vaxandi stað á Grandanum.

Verð 65,9 millj.

Mariugata 40 – Garðabæ. 4ra – 5 herbergja með bílskúr.



- Ný og björt og vel skipulögð 134,6 fermetra 4ra - 5 herbergja íbúð á 4. hæð í vönduðu og álklaðdu firm hæða fjöl-býlishúsi við Mariugötu 40 í Garðabæ. Íbúðinni fylgir 26,6 fermetra bílskúr.
- Íbúðin er bæði með baðherbergi og gestasnyrtingu, aukinni lofthæð og innfældri lýsingu í loftum. Stofa og eldhús í björtu alrými með útgengi á svalir til austurs. 3 rúmgóð svefnherbergi.
- Allar innréttingar eru frá GKS. Ísskápur, háfur, helluborð og blástursófn eru frá Electrolux. Hreinlætistæki eru frá GROHE.
- Frábær staðsetning á mjög fallegum útsýnisstað í jaðri Heiðmerkur í Urriðaholti í Garðabæ í nálægð við grunn- og leikskóla. Stutt í verslanir í Kaupúni.

Vefarastræti – Mosfellsbæ. 2ja herbergja íbúð- laus strax.



- Björt og vel skipulögð 72,9 fermetra 2ja herbergja íbúð á 1. hæð að meðaltali sér geymslu í vönduðu lyftuhúsi á eftir-söttum stað í Mosfellsbæ.
- Íbúðinni fylgir extra breitt sér bílastæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu.
- Fallegt útsýni úr stofu er yfir hverfið og til fjalla. Útgengi er á verönd til suðvesturs úr stofu sem er með gluggum í tvær áttir.
- Eignin er hönnuð með tilliti til aðgengis fatlaðra og eru innihörðir því breiðari en gengur og gerist og bílastæðið í bíla-kjallara er mun breiðara en gengur og gerist.
- Eignin er laus til afhendingar nú þegar.

Verð 49,5 millj.

Álfkonuhvarf 53 – Kópavogi. 3ja herbergja íbúð



- Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30**
- Falleg og vel skipulögð 99,0 fermetra 3ja herbergja íbúð á 3. hæð að meðaltali sér geymslu í kjallara í góðu lyftuhúsi við Álfkonuhvarf í Kópavogi
 - Sérinngangur er af svölum og sér stæði er í bílageymslu.
 - Rúmgóð stofa og borðstofa með útgengi á svalir til suðurs. Baðherbergi flisalagt í gólf og vegg. Þvottaherbergi er innan íbúðar. Eikarparket á gólfum.
 - Frábær staðsetning við Álfkonuhvarf í efri byggðum Kópavogs. Stutt er í gönguleiðir og alla helstu þjónustu m.a. leik-skóla, skóla, apótek og matvöruverslanir.

Verð 67,9 millj.

102 – Skerjafjörður – Einbýlishús
107 – Hagar – Parhús
Hafið samband og leitið upplýsinga um eignirnar

Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.


<https://www.facebook.com/fastmark.is> - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



TIL SÖLU

ATHAFNALÓÐ VIÐ LEIRVOGSTUNGU Í MOSFELLSBÆ

Landið er skráð 33,7 ha og selst í núverandi ástandi. Mikil uppbygging atvinnuhúsnæðis af ýmsum stærðum og gerðum á svæðinu og verður mjög fjölbreytt flóra fyrirtækja í nágrenninu. Landið er skráð ræktunarland en á aðalskipulagi er meirhluti skilgreindur sem athafnasvæði og afmarkast að norðanverðu við Fossaveg, austanmegin við óbyggt svæði, að sunnaverðu við Kölduvísl og vestanverðu við Vesturlandsveg.

Verðtilboð óskast

Upplýsingar veita:

 **EIGNAMIDLUN**

Kjartan Hallgeirsson
lögg. fasteignas.
Eignamiðlun, sími
824-9093
kjartan@eignamidlun.is



 **Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

Svanþór Einarsson
lögg. fasteignas.
Fasteignas. Mosfellsbæjar
Sími 698-8555
svanthor@fastmos.is



job

Finnum draumastarfið saman

Er um við að leita **að þér?**

AUSTURHÖFN



PANTIÐ SKOÐUN
hjá sölumönnum

Reykjastræti 7
101 Reykjavík - íb. 213

Sérlega glæsileg 129,5 fm
2ja herb. ásamt sérmerktu
stæði í bílageymslu

- Stór samliggjandi stofa og eldhús með útgengi bæði á vestur og austur svalir
- Veglegt svefnherbergi og rúm-gott baðherbergi með baðkeri, sturtu og þvottaádstöðu
- Vandaðar ítalskar innréttingar
- Nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér íbúð við Austurhöfn, einungis örfáar eignir óseldar



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Þröstur Þérhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 0634
throstur@miklaborg.is

Verð: **128 millj.**

AUSTURHÖFN



PANTIÐ SKOÐUN
hjá sölumönnum

Reykjastræti 5
101 Reykjavík - íb. 409

Glæsileg björt og rúmgóð
2ja herb. 80,9 fm og 12 fm
yfirbyggðar suður svalir

- Stór stofa með opnu eldhúsi
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Rúmgott svefnherbergi með góðu skáaplássí
- Aðgangur að heilsulind, líkamsrækt o fl á Editiona hótelinu gegn greiðslu
- Nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér íbúð við Austurhöfn, einungis örfáar eignir óseldar



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is


Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Þröstur Þérhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 0634
throstur@miklaborg.is

Verð: **105 millj.**

AUSTURHÖFN



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jasoni í síma 775 1515

Bryggjugata 4
101 Reykjavík - íb. 204

Rúmgóð og falleg
176,1 fm íbúð
í glæsilegri byggingu
með metnaðarfullri
hönnun við Austurhöfn

- Tvær stofur með einstöku útsýni
- Glæsilegt eldhús
- 2 svefnherbergi
- 2 baðherbergi
- Snyrting
- Svalir og sérafnotaréttur inni lokaðan garð
- Tvö stæði í bílageymslu



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Verð: **Tilboð**



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jórunni í síma 845 8958

Úlfarsbraut 62
113 Reykjavík

Reisulegt og fallegt 210 fm
parhús á 4 pöllum með
stórri lóð í Úlfarsárdal

- Möguleiki á sér íbúð
- Rúmgóður bílskúr
- Möguleiki á 5. svefnherbergi
- Glæsilegt opið eldhús og stofa
- Suður svalir
- Frábær staðsetning, skólar, íþróttavélin, sundlaug í göngufæri



Nánari upplýsingar:
Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **129,9 millj.**

AUSTURHÖFN



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jasoni í síma 775 1515

Goðatún 20
210 Garðabær

Vel skipulagt 217 fm
einbýlishús á einni hæð

- Innst í botnlanga
- Aukaíbúð
- 6 svefnherbergi
- 3 baðherbergi
- Heitur pottur
- Skjólsgóðar verandir



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Verð: **131 millj.**

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN
í síma 775 1515 eða 770 0500

Mýrargata 26

101 Reykjavík
Einstakt 97 fm penthouse á 7.
hæð, glæsilegt útsýni

- Gólfísdír gluggar eru í allri íbúðinni sem gera hana einstaklega bjarta og með frábæru útsýni
- Rúmlega 40 fm þaksvallir
- Sérgeymsla í kjallara
- Sérstæði í bílageymslu



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**



OPID HÚS miðvikudaginn
27. apríl
kl. 17.30 - 18.00


Klapparstígur30
101 Reykjavík - íb. 404

Sérlega björt og falleg
41 fm studió íbúð
ásamt sérmerktu
stæði í bílageymslu

- Íbúðin er fjórðu og efstu hæð með heillandi útsýni að Hjartagarðinum
- Góðar vestursvalir og miklir gólfísdír gluggar
- Frábær nýting og einstök staðsetning í hjarta miðborgarinnar



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is



Verð: **56,9 millj.**

MIKLABORG

Með þér
alla leið

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Fasteignakaup erlendis

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 26. apríl 2022

Kynningar: Spánarheimili, Spánareignir, Medland Spánn, Sumareignir, Perla Invest



Starfsfólk Spánarheimila á Spáni; Hrafnhildur Ósk, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra á Spáni, Susana Garcia lögfræðifulltrúi, Bjarni Sigurðsson, lögfræðingur og framkvæmdastjóri, Guðbjörg á sölu- og þjónustusviði og Anna Karen á sölu- og þjónustusviði. MYND/ABSEND

Sjá um allt sem við kemur Spáni

Spánarheimili er fasteigna- og þjónustumiðlun fyrir Íslendinga sem vilja koma sér fyrir að hluta eða öllu leyti á Spáni. Fyrirtækið hefur skrifstofur bæði hér og á Spáni og getur leitt fólk í gegnum öll viðskipti á íslensku og boðið mjög víðtæka þjónustu í tengslum við búsetu á Spáni. [2](#)

„Fyrirtækið Spánarheimili var stofnað árið 2008 og við erum fasteigna- og þjónustumiðlun fyrir Íslendinga sem vilja eiga eignir á Spáni,“ segir Bjarni Sigurðsson, framkvæmdastjóri og eigandi fyrirtækisins. „Við erum bæði að selja og leigja út nýjar og notaðar fasteignir á Spáni og bjóðum nýjum eigendum líka upp á ýmsa aukabjónustu.“

Hjá fyrirtækinu starfa átta Íslendingar og einn spænskur lögfræðingur og við erum með skrifstofur bæði á Spáni og Íslandi. Við leiðum viðskiptavinum okkar í gegnum allt ferlið og veitum mun viðtækari þjónustu en nokkur annar aðili,“ segir Bjarni. „Við erum einfaldlega með alla þjónustu sem snertir allt það sem viðkemur Spáni og fasteignaviðskiptum Íslendinga þar. Við getum aðstoðað fólk við að kaupa eða leigja íbúð og líka við kaup á bíl eða mótorhjól, stofnun fyrirtækjareksturs og fleira.“

Mjög viðtæk þjónusta í boði

„Í fyrsta lagi snum við fasteignasjón og höfum þá eftirlit með eignum þegar eigandi er ekki á staðnum,“ segir Bjarni. „Það er fast eftirlit tvisvar í mánuði en svo er farið í aukaeftirlit ef það er til dæmis vont veður. Við tökum myndir og sendum þær til eiganda, mætum á húsfélagsfundum og göngum erinda eiganda á ýmsan hátt þegar hann er ekki á staðnum.“

Við snum líka leiguumsjón og tökum eignir í föstur og setjum þær inn á okkar leiguvæf sem og erlenda og snum allri umsjón við að leigja hana út,“ segir Bjarni. „Við sjáum þá líka um neyðarnúmer, þríf og flugvallarakstur fyrir leigjendur.“

Svo erum við líka með deilubíla, en viðskiptavinir okkar geta fengið góð kjör á bílum og þeir sem eiga bíla úti geta leigt þá út og haft tekjur af þeim,“ segir Bjarni. „Við erum að deila bílunum á milli eigenda til að það þurfi að greiða minna fyrir afnot af þeim.“

Allir viðskiptavinir sem hafa keypt í gegnum okkur fara líka í Vildarklúbb sem veitir aðgang að aukinni þjónustu, ýmsum fríðindum og afslátt af þjónustu eins og þrífum og flugvallarakstri,“ segir Bjarni. „Svo erum við líka með golfklúbb fyrir viðskiptavinum okkar, sem veitir afslátt af því að spila á golfvöllum á Spáni. Þetta er í samstarfi við GÍS, Golfklúbb Íslendinga á Spáni. Akkúrat núna eru til dæmis 64 Íslendingar herna úti á golfmóti í gegnum vildarklúbbinn.“

Norðurevrópskir staðlar og viðskipti á íslensku


„Við snum líka ýmislegri annarri þjónustu eftir kaup og í tengslum við þau og allt fer þetta fram á íslensku,“ útskýrir Bjarni. „Margir Íslendingar sem selja eignir á Spáni gera það í samstarfi við spænskar fasteignasölur, þannig að kaupferlið fer fram á spænsku og ensku, en við getum leitt fólk í gegnum þetta allt saman á íslensku. Við erum líka að vinna með byggingaraðilum hér og erum í gagna-grunni fasteignasala á svæðunum allt frá Valencia til Murcia svo við höfum aðgang að öllum eignum á því svæði.“

Við erum bæði að selja nýjar og nýlegar eignir og þær eru öðruvísi en þessar gömlu. Þær eru byggðar eftir nýrri reglugerð sem þýðir að það er komin smá einangrun, tvöfalt gler í gluggum og jafnvel hiti í gólfi,“ útskýrir Bjarni. „Byggingarstíllinn og eignirnar sem er verið að byggja í dag standast norðurevrópska staðla. Það er mikið um Skandináva og aðra Norðurevrópubúa sem kaupa eignir við Miðjarðarhafið. Byggingarstíllinn stendur okkur nær, það er ekki



Starfsfólk Spánarheimila á Íslandi; Sigurður Bjarnason þjónustufulltrúi, Ásbjörg Sigurðardóttir þjónustufulltrúi, Sandra Magnúsdóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra og Kristinn Kjartansson viðskiptastjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Mörg kjósa að flytja til Spánar eða eiga sumarhús þar og fyrirtækið hefur orðið vart við að viðskiptavinahópurinn hafi yngst undanfarin ár.



Byggingarstíllinn og eignirnar sem er verið að byggja í dag standast norðurevrópska staðla og margir N-Evrópubúar kaupa eignir við Miðjarðarhafið.

þessi gamli bogadregni Miðjarðarhafsstíll með keramikþakskífum sem er verið að byggja í dag, eins og fyrir 15-20 árum. Það heillar fólk líka. Að sjálfsgöðu vilja sumir frekar þessar eldri eignir, en svona tveir af hverjum þremur kaupa nýjar eignir.“

Svöruðu kalli viðskiptavina

„Þjónustan okkar hefur byggst upp í takt við þarfir og óskir viðskiptavina okkar. Við fundum

að fólk var að leita til okkar eftir að hafa keypt fasteign eða dvalið lengi á Spáni. Fólk var að spyrja um bilaleigu, leigur á eignum og aðstoð við að fylgjast með eignum úti, þannig að við fundum að við þurftum að taka þjónustuna okkar lengra til að svara kalli viðskiptavina okkar,“ útskýrir Bjarni. „Við höfum líka gert kannanir hjá Vildarklúbbnum okkar til að átta okkur á því sem fólk vill og í framhaldi af því stóðum við til dæmis

Við erum einfaldlega með alla þjónustu sem snertir allt það sem við kemur Spáni og fasteignaviðskiptum Íslendinga þar.

Bjarni Sigurðsson

fyrir átta leiguflugum til Spánar í faraldrinum, því það var enginn annar að fljúga á milli landanna. Þannig höfum við alltaf sinnt viðskiptavinum vel og fengið mikið þakklæti fyrir,“ segir Bjarni. „Fólk finnur að það er í góðum höndum hjá okkur.“

Margt við Spán sem heillar

„Það er margt sem við Spán sem fær fólk til að vilja koma sér fyrir hér að einhverju leyti,“ segir Bjarni. „Það er náttúrulega frábært veður, mikil sól, glæsilegir golfvöllir, fallegar strendur og yndisleg suðræn menning sem heillar, en svo eru líka góðar flugsamgöngur til Alicante, sem er okkar starfssvæði. Það er beint flug hingað tvisvar í viku á veturna og sex snum á sumrin.“

Svo er fasteignaverðið mjög gott miðað við Ísland og rekstrarkostnaður er mjög lágur miðað við Ísland. Leigumöguleikar eru líka góðir, svo það er auðvelt að leigja út íbúðir yfir sumartímann. Það er hægt að borga rekstrarkostnað alls ársins með því að leigja íbúð út bara yfir sumartímann,“ segir Bjarni. „Svo eru líka margir sem eru að kaupa eignir til að flytja út, jafnvel barnafjölskyldur, þetta er ekki bara eldri borgarar. Við höfum fundið að viðskiptavinahópurinn hefur yngst undanfarin ár. Það kjósa líka margir að eiga sumarhús á Spáni í staðinn fyrir að kaupa sumarhúsið á Íslandi og það getur jafnvel verið ódýrara.“

Góður tími til að kaupa

„Þetta er góður tími til að koma inn á markaðinn. Fasteignaverð hefur lítið hækkað undanfarin ár en við finnum núna að Miðjarðarhafssvæðið á Spáni er aðeins farið að hækka í verði,“ segir Bjarni. „Það er mikið að gera í sölu og við finnum að verðið er að stíga upp, svo þetta er góður tími til að kaupa. Það er ekki eftir neinu að bíða, það er allt farið af stað aftur eftir Covid og maður heyrir að margir viðskiptavinir eru að láta verða af þessu núna en hafa velt þessu fyrir sér í langan tíma.“

Það eru líka nokkrir spennandi íbúðakjarnar sem eru að rísa núna og verða tilbúnir til afhendingar árið 2023 á góðu verði. Það er allt innifalið í þeim, þar á meðal húsgögn og skrautmunur, þannig að það er bara hægt að labba inn í fullbúna íbúð,“ útskýrir Bjarni. „Það eru einnig spennandi eignir í boði núna á góðum svæðum. Byggingaraðilar eru minna að sækja í að stækka svæði og meira að byggja á lausum lóðum þar sem þegar er þétt byggð og öll þjónusta og innviðir eru til staðar.“

Skodunarferðir á tilboðsverði

„Við bjóðum upp á sérstaklega skoðunarferðir frá Íslandi til að skoða eignir hér á Spáni. Fólk getur komið hingað í viku og fengið að gista í eign sem er sambærileg þeirri sem þau hafa áhuga á að kaupa og er á sama eða sambærilegu svæði og þannig fengið smá upplifun af þessu áður en þau fjárfesta,“ segir Bjarni. „Skodunarferðirnar í maí verða á sérstök tilboðsverði, 79.900 kr. á mann fyrir flug og gistingu í viku. Ef fólk endar svo á því að kaupa eign fær það ferðina endurgreidda.“

Við erum svo líka í samstarfi við tvo spænska banka og getum því boðið upp á spænsk fasteignalán, allt að 70% veðsetningu og óverðtryggða vexti frá 2%, sem er gott miðað við það sem fólk þekkir frá Íslandi,“ bendir Bjarni á að lokum. ■

Nánari upplýsingar um Spánarheimili og þjónustuna sem fyrirtækið býður upp á má finna á heimasíðunni www.spann.is.

LIMA – nýtt hverfi í golfparadísinni Las Colinas

Lífsgæðin sem Spánarsólin býður upp á heillar stöðugt fleiri og fleiri Íslendinga. Fólk kys í auknum mæli að eiga sitt heimili þar, hvort sem er til skemmri eða lengri dvalar og þeim fjölgar sem einfaldlega kjósa að flytja þangað alfarið.

Aðalheiður Karlsdóttir er löggiltur fasteignasali sem með mikla sérþekkingu og reynslu af fasteignamarkaðnum á Spáni.

Aðalheiður segir suma Íslendinga byrja á því að prófa að búa í sólinni í nokkra mánuði og í framhaldinu flytji margir fyrir fullt og allt, enda sé lífsstíllinn þægilegur. „Á þessu svæði er gott veður allt árið, ódýrt að lifa og fjölmargt sem hægt er að gera sér til ánægju og yndisauka. Golfvellirnir heilla, einnig strendurnar, hjólréiðar, hlaupa- og gönguleiðir, vínsmökkun og skíðabrekkur; lífs-gæðalistinn er endalaus.“

Aðalheiður segir góða skóla auðvelda barnafólki að hreiðra um sig í sólinni og hægt sé að velja um bæði spænska skóla og alþjóðlega einkaskóla. „Tiltölulega auðvelt er að fá vinnu, ef fólk leitar eftir því, og þeim fjölgar stöðugt sem vinna að heiman, enda hafa aðstæður í því sambandi breyst mikið í kjölfar Covid. Fólk er búid að uppgötva mátt Zoom og Teams og hægt er að sinna fjölbreyttum störfum á nýjan hátt.“

Heimur út af fyrir sig

Að sögn Aðalheiðar hefur Las Colinas golfvallasvæðið notið mikilla vinsælda síðustu misseri, enda sé þar að finna fallegar eignir í einstöku umhverfi við margverðlaunaðan golfvöll. „Um leið og ekið er inn um hliðið á Las Colinas áttar fólk sig á að þar tekur á móti því „un Mundo Aparte“ eða heimur út af fyrir sig. Heimur sem gott er að dvelja í um lengri eða skemmri tíma.“

Aksturinn í suður frá Alicante-flugvælinum í þessa paradís tekur um 50 mínútur. Klúbbhúsið er glæsilegt með tveimur góðum veitingastöðum. Við hlið þess er þriðji veitingastaðurinn, Il Palco, sem er talinn einn besti veitingastaðurinn á Costa Blanca svæðinu. Einnig hafa íbúar Las Colinas aðgang að nýrri og glæsilegri heilsurækt, tennis- og boltavöllum, matvöruverslun, fallegum gönguleiðum og strandklúbbi svo dæmi séu nefnd.

Las Colinas golfvöllurinn er ekki gamall. Nýlega fagnaði hann ellefu ára afmælinu. Strax þegar hann var opnaður þótti hann með bestu golfvöllum Spánar og hefur Las Colinas-svæðið nokkrum sinnum verið valið það besta á Spáni og völluminn sá besti í landinu. Segir það mikið um gæði hans.

Æfingarsvæðið á Las Colinas þykir einnig sérlega glæsilegt og hægt er að fá þar golfkennslu. Nýlega var þar komið fyrir skemmtilegum golfhermum. Ekki er slegið í net, heldur alvöru högg, sem er allt önnur upplifun en venjulegir innigolfhermar bjóða upp á.

Las Colinas golfsvæðið er stórt, nálægt 200 ferkílómetrum, og frá upphafi hefur markmiðið verið að hafa byggð ekki of þetta. Áætlað er að byggja um 1.800 íbúdir og hús og hefur helmingurinn þegar verið byggður.



Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali. MYND/ÁÐSEND

LIMA – nýtt hverfi

Aðalheiður segir ákveðið lúxusvandamál hafa verið viðvarandi á Las Colinas undanfarna mánuði, þar sem mikil umfram eftirspurn sé eftir eignum þar og allt upp í tveggja ára bið eftir ákveðnum eignum. „Það er því fagnaðarefni að nýlega hófst uppbygging á nýju hverfi, sérlega vel staðsettu, á Las Colinas svæðinu. Hverfið hefur fengið nafnið LIMA og tekur á móti manni um leið og komið er inn á svæðið.“

Hægt að velja um parhús og einbýlishús, á einni eða tveimur hæðum með einkasundlaug í garðinum. Húsin eru með 3 eða 4 svefnherbergjum og 3 til 4 baðherbergjum, sérlega vel hönnuð og glæsileg, og falla vel inn í gróid og fallegt umhverfið.“

Öll húsin snúa á móti suðri og eru í örstuttu göngufæri við klúbbhúsið á Las Colinas, nýlega líkamsræktarstöð, veitingastað, golfvöllinn, matvöruverslun, tennis- og boltavelli og aðra þjónustu.

„Í næsta nágrenni er svo gert ráð fyrir að byggja glæsilegt hótél, litla verslana- og þjónustumiðstöð og almenningsgarð með notalegri sameiginlegri aðstöðu fyrir íbúa,“ segir Aðalheiður. „Svo sannarlega notalegt umhverfi sem dekrar við líkama og sál.“

Spánareignir hafa verið í góðu samstarfi við alla helstu byggingaraðila á Las Colinas frá upphafi og veita yfirgrípsmikla og góða aðstöð við að fara yfir möguleikana og finna réttu eignirnar. „Einnig fáum við oft upplýsingar um ný verkefni áður en þau koma í sölu, og getum kynnt þau fyrir völdum viðskiptavinum sem þá geta fengið að velja sér bestu eignirnar áður en þær fara í almenna sölu,“ segir Aðalheiður.

Hún segir að enn fremur sé í boði að skoða eignir í gegnum vídeómyndavél. Ef fólk kjósi að taka lán á Spáni sé einnig aðstoðað við það ferli.

Spánareignir hafa veitt alla þjónustu við val og kaup á fasteignum á Spáni í meira en 20 ár og þekkja því vel til þeirra mála. Hægt er að hafa samband við löggiltan íslenskan fasteignasala og vel menntað starfsfólk Spánareigna og bóka einkafund á skrifstofunni í Reykjavík til að fara yfir málin áður en haldið er út til Spánar til að skoða eignirnar og prófa golfvöllinn, en hvað er betra en að vera heima í góðu veðri allt árið á einum besta golfvelli Spánar? ■

Sjá nánar á: www.spanareignir.is



Glæsileg villa á einni hæð í góðri tengingu við fallegt og gróid umhverfi.



Inni- og úti-rymi tengjast á skemmtilegan hátt.



Las Colinas-golfvöllurinn er margverðlaunaður enda umhverfið einstakt.



Tennis- og boltavellir í örstuttu göngufæri.



Fasteignaverð í bænum Teror á Gran Canaria er nokkuð lægra en á Íslandi og mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

Fallegasti bærinn á Gran Canaria

Það fyrsta sem mörgum Íslendingum dettur í hug þegar minnst er á Kanaríeyjar er líklega sól, strendur og sumarfrí. En arkitektúrinn á eyjunum er líka eftirtektarverður.

sandragudrun@frettabladid.is

Á eyinni Gran Canaria er fallegur bær sem heitir Teror. Hann er af mörgum talinn fallegasti bær eyjarinnar. Bærinn er mjög gott dæmi um byggingarlist nýlendutímans. Þar gegnir kirkjan Basilica de Nuestra Señora del Pino mikilvægu hlutverki. Kirkjan er tileinkuð verndardýrningi eyjarinnar, Virgen del Pino, en fjöldi íbúa Gran Canaria heimsækir bæinn reglulega og biður til hennar. Í september eru sérstök hátíðarhöld í bænum allan mánuðinn til heiðurs henni.

Torgið í miðbænum er umkringt sögulegum byggingum en þær elstu eru frá 16. öld. Húsin eru máluð í mismunandi litum og öll skarta þau glæsilegum útskornum

viðarsvölum sem eru einkennandi fyrir Kanaríeyjar. Bærinn er gott dæmi vel varðveitta byggingarlist eyjanna.

Í bænum Teror búa rúmlega 12.000 manns en það eru ekki nema 20 kílómetrar í höfuðborgina Las Palmas. Nú dreymir marga Íslendinga um að búa á Kanaríeyjum og hví ekki að skoða möguleikann á að flytja í þennan fallega bæ? Það virðist við stutta athugun vera hægt að kaupa fasteign þar á góðu verði.

Á vef Re/Max-fasteignasölnunnar á Spáni má finna vel farna 250 fermetra íbúð með þremur badherbergjum og sex svefnherbergjum á 170.000 evrum eða um 23 milljónir ef reiknað er yfir í íslenskar krónur. En inn á milli má finna dýrari fasteignir. Svipað stór íbúð í gullfallegu húsi með fimm svefnherbergjum og tveimur badherbergjum kostar til dæmis 285.000 evrum eða tæpar 40 milljónir íslenskra króna. Það myndi samt teljast mjög gott verð fyrir þetta stóra íbúð á flestum stöðum hérlendis. ■



Í miðbæ Teror er yfirleitt margt ferðafólk enda bærinn einstaklega fallegur.



Einkennandi fyrir byggingarstílinn í bænum eru litrík hús með útskornum viðarsvölum.

Þú finnur draumaeignina á Costa Blanca á Sumareignir.is

Tvær síður og 1.200 fasteignir til sölu á www.Sumareignir.is og www.Spainhomes.net

Sumartilboð Sumareigna

Allir sem kaupa nýja íbúð hjá okkur í maí, júní, júlí og ágúst, fá 52 fría golfhringi á þremur af bestu golfvöllum á Costa Blanca svæðinu, Villamartin Golf, Las Ramblas og La Finca. Þeir sem ekki eru í golfi fá húsgagnapakka fyrir sömu upphæð.



Sigurður Oddur Sigurðsson | Löggiltur fasteignasali
Ágústa Guðrún Ásbjörnsdóttir | Sölustjóri fasteigna á Spáni

616 8880

Spánn er spennandi valkostur

Margir þættir gera Spán að eftirsóttum stað fyrir fasta og tímabundna búsetu. Medland Spánn aðstoðar Íslendinga við kaup á fasteign á Spáni.

Íslendingar hafa lengi haft augastað á Spáni þegar kemur að fastri búsetu eða við kaup á öðru heimili þar sem dvalið er hluta ársins, segir Steina Jónsdóttir, ráðgjafi í fasteignakaupum hjá Medland Spain, sem sérhæfir sig í sölu nýrra eigna víðs vegar um Spán. „Það er svo margt sem gerir Spán að spennandi valkosti. Þar ber nú fyrst að nefna lífsgæðin en þau eru fölgín í svo mörgu. Birtan, loftslagið, lægra verðlag, góður matur, úti-vistartækifæri allan ársins hring, öryggi og gestrisnir heimamenn er kannski það sem stendur upp úr. Í það heila er hér gott að vera. Ég hef verið hér búsett í næstum 18 ár núna, alíð hér upp börn og tekið á móti barnabörnum, hér líður okkur vel.“

Val á þjónustuaðila mikilvægt

Huga þarf að ýmsu við fasteignakaup á Spáni að hennar sögn. „Fyrsta skrefið er að velja sér þjónustuaðila sem fylgir viðkomandi og koma síðan út og skoða. Ég hef þann háttinn á að vera búin að plana rúntinn áður en fólk leggur í hann og setja upp sérstaka vefsíðu fyrir viðkomandi með eignum og öllu upplýsingum. Kúnninn getur valið og hafnað á þessari persónulegu síðu, sem auðveldar mér að skipuleggja skoðun á svæðum og eignum. Við ræðum svo málin þegar á hólminn er komið og stundum er skipt um gír og farið á aðrar slóðir.“

Lögmaður mikilvægur hlekkur

Þegar rétta eignin er fundin fer Steina ásamt kaupanda á fund með lögmanni sem fær umbod til að sjá um allt sem nauðsynlegt er að gera, t.d. að sækja um kennitölur, opna bankareikning og fleira. „Þessi aðili er mikilvægur hlekkur í keðjunni og liðsinnir við flest, bæði fyrir og eftir afhendingu. Eftir að stóra ákvörðunin um að kaupa ákveðna eign hefur verið tekin, er ferlið ljúft, enda kúnninn í góðum höndum og með trausta aðila sem sjá um að allt gangi eins og í sögu.“

Medland sérhæfir sig í sölu á nýjum eignum sem hafa marga kosti umfram eldri eignir að sögn Steinu. „Þar ber kannski helst að nefna betri einangrun og orkuvottorð en að auki eru eignirnar hannaðar með björt rými og rúmgóð útsvæði að leiðarljósi.“

Þægileg greiðslukjör

Vardandi greiðslukjör við kaupin sjálf segir Steina hefðina vera þá að við undirskrift einkasamnings milli kaupenda og byggingaraðila séu greiddar 6.000 evrur til að festa eignina. „Það fer svo eftir því hversu langt er í afhendingu hvernig greiðslum er háttáð en byggingaraðilinn fer oftast fram á að allt að 50% kaupverðsins sé greitt á tímabilinu sem eftir er til afhendingar. Þetta er þó misjafnt eftir því hversu langt byggingin er komin, almennt frá 30-50%.

Lokagreiðsla fer svo fram við afsal og afhendingu lykla. Greiðslur á byggingartíma eru gerðar gegn bankaábyrgð til öryggis fyrir viðkomandi.“

Góð þekking á svæðinu

Steina segir að sérþekking sín, sem ráðgjafi í fasteignakaupum, fyrir utan það að þekkja þær fasteignir sem Medland býður upp á, sé auðvitað að þekkja svæðin vel. „Ég hef góða þekkingu á því hvað



Steina Jónsdóttir, ráðgjafi í fasteignakaupum hjá Medland Spain.



Nýr kjarni einbýlishúsa í Calasparra, inni í landi í Murcia. Svæðið er umkringt fjallgarði og býður upp á ýmsa afþreyingu. Þetta er tilvalin staðsetning fyrir þá sem eru að leita að ekta sveitaupplifun.



Íbúðakjarni í El Raso. Í boði eru íbúðir með 2-3 svefnherbergjum sem eru á jarðhæð með garði, á miðhæð með verönd og þakíbúð með þakverönd.



Einbýlishúsakjarni við golfvöll í Estepona. Völlurinn er 18 holur með fallegu sjávarútsýni. Kjarninn samanstendur af parhúsum og einbýlishúsum.



Nýr kjarni í Finestrat, Benidorm. Falleg staðsetning, milli sjávar og fjalla, og stutt í allar helstu nauðsynjar. Svæðið er einnig þekkt fyrir ýmsa afþreyingu og dægradvöl, þökk sé nálægðinni við Benidorm. Kjarninn samanstendur af fjórum einbýlishúsum á tveimur hæðum, ásamt þakverönd og kjallara.

þessi svæði bjóða upp á ásamt því að leiðbeina og upplýsa um ferlið í heild sinni og menningu og hefðir hér úti. Ég er líka leiðsögumaður, ég sel ekki bara múrsteina.“

Margir spennandi kostir

Hún segir að öll þau svæði sem Medland bjóði upp á hafi eitthvað til brunns að bera og Spánn í heild sinni sé sjarmerandi staður. „Íslendingar hafa síðustu ár sótt til Costa Blanca fyrst og fremst; Orihuela Costa, Finestrat og Benijófar, svo eitthvað sé nefnt.

Ég hef þó verið að kynna fyrir landanum önnur svæði, eins og strendur Murcia-héraðs og margir hafa nú þegar fallið fyrir því en Murcia er dásamleg og þess virði að skoða. Við erum svo að bæta Costa del Sol við hjá okkur, það verður spennandi að sjá hvort einhverjir hafa verið að bíða eftir því.“

Traustið er mikilvægt

Hún leggur mikla áherslu á að fólk velji sér þjónustuaðila sem því finnst traustverðugur. „Sá sem þjónustar við kaupin er mikilvægasti aðilinn og það að hafa gott teymi í kringum sig skiptir öllu máli. Í þessum bransa skapast oft sambönd sem vara lengi enda að mörgu að huga þegar keypt er fasteign á erlendri grund. Góður þjónustuaðili mun varast það sem þarf að varast fyrir þig, og leiðbeina af reynslu og þekkingu.

Þetta er skemmtilegt starf og þegar maður nýtur sín í starfi er það vegna þess að maður gerir sitt besta. Fólk þarf að trúá því að sá sem veitir þjónustuna elski starfið sitt, þá er ekkert að óttast.“ ■

Nánari upplýsingar á medland-spann.is.



Glæsilegur kjarni staðsettur fyrir framan Sotogrande-sportbátahöfnina. Staðsetningin býður upp á það besta frá ströndum Cádiz og Costa del Sol.

Núna er rétti tíminn

Sumarið á Íslandi er síður en svo eins yfir landið. Sumrin fyrir norðan eða austan eru mun sólríkari en til dæmis sumarið í Reykjavík. Því eru rigningarblautir Reykvíkingar ósjaldan á leiðinni til Tene að sleikja sólinu í vikufrii frá súldinni heima.

jme@frettabladid.is

Hefur þú einhvern tíma sagt í enda ferðalags: „Ohh... Ég vildi að ég gæti bara búið hér,“ og meinað það innilega? Þessi orð fara líklega í gegnum huga margra í lok vel heppnaðs sumarfrís á Spáni þar sem maturinn er alltaf góður, sólin skín í heiði og heimamenn eru vingjarnlegir. Þessi draumur er þó ekki jafn fjarlægur og margir skyldu halda. Þær eru fjölmargar ástæðurnar fyrir því að núna er einmitt rétti tíminn til þess að fjárfesta í fasteign á Spáni og tryggja sér þannig samastað í sólinni allan ársins hring.

Gott verð á fasteignum

Fasteignaverð er enn mjög lágt á Spáni en hefur farið hækkandi hægt og bitandi síðan 2014. Kaup og sala á fasteignum á Spáni er þar af leiðandi í sögulegu hámarki núna síðan 2008, hvort heldur er hjá innfæddum eða erlendum fjárfestum. Núna er því hárrétti tíminn til að tryggja sér fallega eign í sumarparadís Evrópu.

Stöðugleiki

Evrópa er á góðu róli með að rétta úr fjármálakútnum eftir faraldurinn og þar af er Spánn eitt sterkasta landið. Pólitískt landslag á Spáni er einnig tiltölulega stöðugt í samanburði við Tyrkland og fleiri lönd þar sem vinsælt er að ferðast í sumarfríum.

Draumavinnustaður

Margir vinnustaðir bjóða starfsmönnum sínum núna, í kjölfar faraldurs, að vinna heiman frá eða annars staðar í heiminum. Í staf-rænum nútíma er oft á tíðum góð nettenging og ekki allt of mikill tímamismunur. Þetta er oft það eina sem þarf til að hægt sé að inna starf sitt af hendi. Það er því ekki að undra að mikil aukning sé í því að fólk festi kaup á eignum í sólríkum löndum, komi sér þar upp ágætis vinnuskristofu og busli svo í heitum sjónum eftir vinnudaginn. Kostnaður við að búa á Spáni er svo í þökkabót mun lægri en meðallaun í Evrópu svo að launin eru drýgri á Spáni.

Hár lífsgæðastandard

Spánn skorar hátt á lífsgæðalistum. Meðal annars er Spánn númer fimm á lista OECD frá 2019 yfir lífslíkur þar sem Japan trónir efst á lista. Til samanburðar er Ísland númer fjórtán á sama lista. Heilbrigðiskerfið á Spáni er að mati World Health Organization hið sjöunda besta í heimi. Og jafn-



Það er ekki að ástæðulausu að Spánn er einn vinsælasti ferðamannastaðurinn í Evrópu. Veðursæld, heillandi baðstrendur, girnileg matarmenning og vingjarnlegir heimamenn eru meðal þess sem dregur að ferðamenn hvaðanæva.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ógrynni safna má finna í borgum Spánar og fjörutíu og fimm heimsminjar af skrá UNESCO er að finna um gjörvallan Spán.

vægi á milli vinnu og frístunda er talið vera það fjórða besta í heimi á eftir Hollandi, Danmörku og Frakklandi.

Á Spáni er jafnframt tiltölulega gott vegakerfi sem og lestakerfi sem gerir það allt í senn skemmtilegt, öruggt og skilvirkt að ferðast um á Spáni.

Ekki bara djamm og djús

Spánn skartar næststærstu strandlengju Evrópu, á eftir Ítalíu og á

Spáni skín sólin yfir 300 daga á ári. En á Spáni er ekki bara gott að djamma og djúsa og liggja í sólbaði. Spánn er gullfallegt land með ríkulega menningarsögu og býður upp á gríðarmörg tækifæri til útsýnisskoðunar og ferðalaga. Ógrynni safna má finna í borgum Spánar og fjörutíu og fimm heimsminjar af skrá UNESCO er að finna um gjörvallan Spán. Eingöngu Ítalía og Kína eru með fleiri staði á heimsminjaskránni en Spánn. ■

Spánn hefur eitthvað fyrir alla

Marga Íslendinga dreymir um að flytja til Spánar og í þessu heillandi og fjölbreytta landi geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. En hvaða hluti landsins ætli henti þér og þínum smekk best?

oddurfreyr@frettabladid.is

Spánn er heillandi land með magnaða menningu og sögu, gott veðurfar og mikil lífsgæði. Það er gaman að heimsækja landið og ekki nema eðlilegt að mörgum Íslendingum dreymi um að flytja þangað. Landið hefur margt fram að færa og er alls ekki bara fyrir þau sem eru þyrst í sól og blíðu, því ólíkir hlutar landsins bjóða upp á ólíka menningu, síði, loftslag og upplifun.

Spánn skiptist í sautján ólík sjálfstjórnarsvæði og hvert þeirra hefur eitthvað einstakt fram að færa. Landið býr yfir 5.000 kílómetra langri strandlínu sem er stráð litlum fiskiþorpum og fallegum baðströndum. Þau sem eru ekki hrifin af sandi, sólboðum og kyrrsetu geta þó einnig fundið margt sem þeim líkar, svo öll geta fundið svæði á Spáni sem höfða til þeirra.

Himnaríki sólþyrstra í suðrinu

Þegar fólk hugsar um Spán er það yfirleitt um hluti sem tilheyrir suðurhlutanum, eins og flam-engó-dans, heita daga og sístur. Suður-Spánn er himnaríki fyrir sólþyrsta því sólin skín þar meira en 300 daga á ári og þar finnast draumaafangastaðir Íslendinga eins og Tenerife á Kanaríeyjum og Mallorca-eyjan, ásamt fallegum og töfrandi borgum eins og Sevilla og Málaga. Þar má líka finna magnaða menningu og sögufræga staði eins og Alhambra-höllina í Granada.

Norðrið er svalara og grænna

Ef hitinn er ekki fyrir þig gæti



Alhambra-höllin í Granada í suðurhluta Spánar er virkilega glæsileg og á sér langa og merka sögu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Landið hefur margt fram að færa og er alls ekki bara fyrir þau sem eru þyrst í sól og blíðu.

verði að norðrið heilli frekar. Svæði eins og Galicia eða Asturias gætu verið rétti staðurinn, en þar er rakt og svalara á sumrin, það rignir oftar og þar fær fólk smá vetur, þökk sé háum og gróður-sælum fjöllum.

Norðrið hentar fólki sem vill njóta útivistar, fara í fjallgöngur og njóta hrjóstrugrar strandlínu. Þar er líka stórborgin Bilbao með sínum glæsilegu, nútímalegu byggingum og merku listasöfnum.

Stórborgir og menning í austrinu

Í austrinu má finna stórborgir eins og Barcelona og Valencia sem eru sneisafullar af fallegum og merkilegum byggingum, ásamt því að bjóða upp á stórborgarlíf eins og það gerist best, með öllu menningar- og næturlífinu sem því fylgir. Hinn vinsæli spænski réttur paella á líka uppruna sinn í Valencia.

Finna má rómverskar rústir í Tarragona, ótrúlegan arkitektúr í Reus og Dali-safn í Figueres. Svo eru mjög mörg hrifin af því að heimsækja Benidorm, þar sem finna má ódýran mat og drykk og næstum alltaf gott veður.

Sveitalif og rölegheit í vestrinu

Þau sem vilja frekar frið og ró og að fá að upplifa sveitalífið ættu að horfa til vestursins. Á svæðum eins og Extremadura er strjálbýlt og þar er hægt að vera umlukinn einföldu líferni, kastölum, rústum og fallegum þorpum. Svæðið er gróður-sælt og frjósamt og þar hefur landbúnaður verið stundaður í þúsundir ára. Þar er miðjarðar-hafsloftslag svo veturnir eru mildir og sumrin eru heit og þurr. Finna má á svæðinu mikið af menningu, sögu og fallegri náttúru og þar er gott að stunda útivist eða einfaldlega slaka á. ■



Barcelona er falleg stórborg sem margir hafa gaman af að heimsækja.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Það er fallegt og rölegt í Extremadura, sem er í vesturhluta landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



NÝR LÍFSSTÍLL Á SPÁNI

Glæsilegar nútímaeignir við stærsta manngerða lón Evrópu.

Novus Habitat á Spáni og **Lind fasteignasala** á Íslandi hafa tekið höndum saman til að gera fasteignakaup á Spáni aðgengilegri fyrir Íslendinga. Með samstarfinu er lögð rík áhersla á hátt þjónustustig til viðskiptavina með faglegri og persónulegri þjónustu í gegnum allt kaupferlið beggja vegna hafsins.

Novus Habitat er með höfuðstöðvar í Benijófar, skammt frá Torrevieja í Alicante héraðinu og sérhæfir sig í sölu nýbygginga á öllu Costa Blanca og Costa Cálida svæðinu. Starfsfólk Novus Habitat hefur aðstoðað íslenska fasteignakaupendur á Spáni um áralangt skeið.

OPIÐ HÚS
LAUGARDAGINN 30. APRÍL

Novus Habitat og Lind munu vera með opið hús á skrifstofu Lindar í Bæjarlind 4, laugardaginn 30. apríl frá kl 12 til 17. Þar verður samstarfið kynnt og sýnt það nýjasta á markaðnum á Spáni, veittar upplýsingar um kaupferlið og allt sem viðkemur fasteignakaupum á Spáni.


NOVUS HABITAT
REAL ESTATE


LIND
FASTEIGNASALA



DRAUMAEIGNIN B

Spánn

Um áratuga skeið hafa Íslendingar fjárfest í eignum á Spáni og fjölga íslenskum fasteignaeigendum þar í landi með hverjum mánuðinum. Ástæður fólks geta verið fjölbreytilegar. Á meðan sumir kaupa til þess að nánast flytja til Spánar kaupa aðrir til að vera með annan fótinn reglulega í sól og sumaryl. Ennfremur kaupir fólk til þess að fjárfesta í framtíðareign með það að markmiði að leigja eignina til ferðalanga um nokkuð skeið til að borga niður fjárfestinguna og fullnýta síðan eignina síðar meir. Um þessar mundir er mjög gott kauptækifæri á Spáni því fasteignaverð hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár og spá greinendur því að markaðsvirði fasteigna við strandlengju Spánar muni fara hækkandi á komandi árum. Þá er aðgengi að fjármögnun á hagstæðum kjörum tiltölulega auðsótt með þjónustu reynsluríkra fasteignasala á svæðinu.

Torreveja

Flestir hafa heyrt um Torreveja sem liggur við Costa Blanca stöndina og margir hafa farið þangað í sumarfrí í gegnum árin en hvers vegna sækjast Íslendingar sérstaklega í þetta svæði. „Það eru margar góðar ástæður fyrir því, fyrir utan verðlagið og veðrið þá eru skólar góðir og heilbrigðiskerfið ákaflega gott á svæðinu. Þarna er öll þjónusta til fyrirmyndar, iðandi verslunarlíf og


veitingahúsameningin er fjölbreytt. Svæðið í kringum Torreveja er einstaklega veðursælt með að meðaltali 320 sólardaga á ári,“ segir Kristján Þórir Hauksson, einn af eigendum Lindar fasteignasölu sem hafið hefur samstarf við Novus Habitat Fasteignir á Spáni.

Novus Habitat

Kristján Sveinsson og Birna Guðmundsdóttir reka Novus Habitat á Spáni og hafa aðstoðað íslenska fasteignakaupendur á Costa Blanca og Costa Cálida strandlengjunni um áralangt skeið. Novus Habitat sérhæfir sig í sölu nýbygginga á svæðinu og aðstoða Íslendinga við að finna réttu eignina.

„Við aðstoðum fólk í öllu ferlinu og ekki síður þegar það er búið að kaupa. Þá hefst svokallað eftirsölufæri þar sem við erum til halds og trausts við hvaðeina sem þarf. Við höfum lagt okkur fram við að velja eignir á skrá frá byggingaraðilum sem við þekkjum vel til og treystum til að vera með allt sitt í lagi. Við bjóðum upp á alla aðstoð við að innrétta og fullbúa eignina húsgögnum og öllu því sem þarf og getum boðið þjónustu frá íslenskum innanhúshönnuði ef kaupandi kys það,“ segir Kristján hjá Novus Habitat.

Mikið er lagt upp úr alhliða þjónustu við íslenska fasteignakaupendur með því að sjá um allt sem viðkemur kaupferlinu: allt frá frágangi kaupsamnings, fjármögnun og að koma



ÍÐUR ÞÍN Á SPÁNI

eigninni í leigu hluta af ári óski þeir þess. Meira að segja aðstoðar Novus Habitat við stofnun og uppbyggingu viðskiptatækifæra á Spáni.

Afhending

„Þegar kemur að afhendingu eignar sem keypt er hjá okkur fer fagaðili frá Novus Habitat á staðinn og fer yfir eignina til að sjá til þess að allt sé með felldu og eins og um var samið. Ef eitthvað er að vanbúnaði sjáum við til þess að það sé lagfært þannig að allt sé upp á tíu þegar viðskiptavinur okkar tekur við eigninni. Við leggjum öll gögn fram þannig að viðskiptavinurinn veit nákvæmlega hver kostnaðurinn er við kaupin frá upphafi, enginn óvæntur kostnaður eða gjöld. Einnig er lögð fram kostnaðaráætlun um árleg útgjöld eftir að kaup eiga sér stað.“

Það að taka fyrsta skrefið í fasteignakaupum á Spáni þarf ekki að vera svo flókið og geta áhugasamir farið í skoðunarferð til Spánar til að skoða mögulegar eignir sem henta þeirra kröfum og væntingum. „Fólk byrjar á að hafa samband við okkur hjá Lind og við förum saman yfir skrefin, hvaða svæði koma helst til greina, hvers konar eign og byrjum að leggja línurnar að skoðunarferð. Novus Habitat tekur svo á móti fólki á Alicante flugvælinum og fylgir því á hótél eða í íbúð þar sem það gistir í þrjár til sjö nætur, allt eftir þörfum hvers og eins,“ segir Kristján hjá Lind.


Í dæmigerðri skoðunarferð er byrjað á því að fara í höfuðstöðvar Novus Habitat sem staðsettar eru í Benijófar og farið yfir hvaða eignir eru í boði og lögð drög að því hvaða eignir verða heimsóttar áður en farið er í skoðunarferðir í mismunandi hverfi sem henta hverjum og einum. Ef fólk finnur draumaeignina er aðstoðað við allt kaupferlið, stofnun bankaviðskipta, sótt um spænska kennitölu (N.I.E. númer) og ferlinu fylgt alla leið.

Fasteignkynning

Novus Habitat og Lind munu vera með opið hús á skrifstofu Lind í Bæjarlind 4, laugardaginn 30. apríl frá kl 12 til 17. Þar verður samstarfið kynnt og sýnt það nýjasta á markaðnum á Spáni, veittar upplýsingar um kaupferlið og allt sem viðkemur fasteignakaupum á Spáni.

Einnig verður hægt að bóka einkafundi með Kristjáni, framkvæmdastjóra Novus Habitat dagana 28. og 29. apríl í síma 510-7900 eða á netfangið spann@fastlind.is






DREYMIR ÞIG UM FASTEIGN Á SPÁNI?

NOVUS HABITAT býður heildarlausnir fyrir kaupendur fasteigna á Spáni með sérhæfingu í sölu nýbygginga á Costa Blanca og Costa Cálida svæðunum. Við höfum um áralangt skeið séð um fasteignakaup Íslendinga á Spáni. Við finnum réttu eignina, sjáum um allt sem viðkemur kaupferlinu, aðstoðum við innbú eigna og hjálpum kaupendum við að koma eign sinni í leigu hluta af ári, óski þeir þess. Auk þess aðstoðum við kaupendur við stofnun og uppbyggingu viðskiptatækifæra á Spáni.

OPIÐ HÚS Á LIND FASTEIGNASÖLU Á LAUGARDAG

Fasteignakynning Novus Habitat á Lind fasteignasölu Bæjarlind 14 laugardaginn 30. apríl frá kl. 12 til 17 þar sem kynntar verða nýbyggingar á Costa Blanca og Costa Cálida svæðunum. Einnig er hægt að bóka einkafundi dagana 28. og 29. júní í síma 510 7900.

HEILDARLAUSNIR FYRIR KAUPENDUR



NOVUS HABITAT
FASTEIGNIR



novushabitat.es



Íbúðirnar í Flamenco Village á Costa Blanca-svæðinu hafa slegið í gegn hjá sólarþyrstum Íslendingum. Íbúðirnar eru á lokuðu svæði, með glæsilegum 17.000 fermetra sundlaugargarði með barnalaug, leiktækjum, heitum pottum, kaffihúsi, bar, líkamsræktaraðstöðu og fleiru. Þrír af stærstu golfvöllum Spánar eru ekki langt frá og því tilvalið að skella sér í golf.

MYNDR/ADSENDAR

Sumareignir allan ársins hring

Sigurður Oddur Sigurðsson starfar sem löggiltur fasteignasali hjá fasteignasölu Sumareignum sem sérhæfir sig í sölu fasteigna á Spáni. „Sumareignir eru með yfir 1.000 fasteignir á sölu á Spáni. Af þeim eru um 700 glænýjar eignir,“ segir Sigurður.

Spánn er vinsæll áfangastaður fyrir sólarþyrsta Íslendinga og fjölgar sífellt þeim Íslendingum sem fjárfesta í sumarhúsum nærri einum af hinum fjölmörgu sólarströndum Spánar. „Suður-Costa Blanca er langvinsælasta svæðið en undanfarið hafa svæðin í kringum Benidorm einnig verið að koma sterk inn hjá okkar viðskiptavinum. Íslendingar eru að auki farnir að spyrja mikið eftir eignum í eða við ekta spænsk bæjarfélög þar sem spænski kultúrinn ræður ríkjum.“

Veðrið er auðvitað númer eitt sem Íslendingar sækjast eftir á Costa Blanca en hér er einstök veðursæld og að meðaltali yfir 300 sólar dagar á ári á svæðinu. Einnig er mun hagstæðara verðlag á Spáni en á Íslandi, eins og á fasteignum, nauðsynjavörum og nánast öllu öðru. Svo er bara svo afslappað andrúmsloft og gott að vera hér,“ segir Sigurður sem er einmitt staddur úti á Spáni.

Þín eign sumarparadis

Fasteignirnar á Spáni má skoða á heimasíðunum sumareignir.is og spainhomes.net. „Af nýju eignunum þá erum við ekki með nærri allar þeirra til sýnis á vefnum, heldur sýnum við 2-3 úr hverjum íbúðakjarna sem við erum með á sölu. Oft eru um 30 íbúðir í hverjum kjarna sem eru hannaðar á svipaðan hátt.“

Að sögn Sigurðar er allur gangur á því hver tilgangurinn er í kaupum fólks á fasteignum á Spáni. „Margir kaupa eignir hér á Costa Blanca til verja tíma í eftir að fólk hættir að vinna. Fólk



Sigurður Oddur Sigurðsson er löggiltur fasteignasali. MYND/ADSEND

dvelur þá í sínum eigin eignum yfir haust- og vetrarmánuðina og er svo á Íslandi á sumrin. En undanfarið hefur kaupendum fjölgað sem geta unnið heima og þá er nú ekki slæmt að geta bara rölt út í sólina eftir að vinnudegi lýkur. Við höfum einnig orðið vör við mikla aukningu hjá fyrirtækjum, starfsmannafélögum og sjóðum sem eru að kaupa eignir fyrir sitt fólk. Eftir faraldurinn er fólk farið að hugsa allt öðruvísi og vill frekar vera í eigin húsi eða íbúð heldur en á hóteli með ókunnugum.“

Löggiltir fasteignasalar algert lykilatriði

Sigurður segir þó að margt beri að varast þegar hugað er að fasteignakaupum erlendis. „Þá er aðalatriðið að velja fasteignasala sem er löggiltur. Ég segi oft að það myndi líklega enginn vilja láta múrara gera við tennurnar í sér. Margir sem hafa enga þekkingu á fasteignasölu eru að koma inn á þennan markað án þess að hafa nokkra reynslu eða kunnáttu. Það er flókið ferli að selja fasteign á Spáni og allt annað umhverfi heldur en á Íslandi og því eins gott að hafa hlutina á hreinu. Við fáum nokkur símtöl í hverjum mánuði frá fólki sem hefur verið að kaupa



Íbúðirnar í Flamenco Village eru 75-95 fermetrar að stærð og útbúnar öllu sem til þarf.

Við höfum einnig orðið vör við mikla aukningu hjá fyrirtækjum, starfsmannafélögum og sjóðum sem eru að kaupa eignir fyrir sitt fólk.

Sigurður Oddur

fasteign af einhverjum sem hafði ekki neina þekkingu til að klára ferlið og er svo síðan jafnvel hættur að svara samtölum frá viðskiptavininum því allt er komið í tóma steypu. Það getur verið heilmikið mál að leysa úr málum sem eru komin í algjört rugl og stundum er fólk að biða margar vikur eða mánuði á hóteli hér úti á meðan verið er að klára mál sem áttu að taka enga stund.

En hvað með svindlara? „Ég hef ekki heyrt beint af einhverju skipulögðu svindli hér en það er örugglega til í þessum viðskiptum eins og öllum öðrum. Því miður getur hver sem er farið til Spánar og farið að selja fasteignir því það þarf ekki að vera löggiltur fasteignasali til að selja fasteignir á Spáni eins og er. Sem betur fer er það komið í lög á Íslandi og það kemur vonandi að því fljótlega að þetta verði sett í lög á Spáni líka. Það er kannski bara í þessum bransa eins og öllum öðrum að ef fólk sér til dæmis einhver verð eða tilboð sem eru ótrúlega góð miðað við annað sem er í gangi, þá er líklega eitthvað bogið við það.“

Góð og þægileg þjónusta

Fasteignirnar sem Sumareignir er með til sölu á Spáni eru á breiðu verðbili, allt frá tíu milljónum og

upp í nokkur hundruð milljónir. „Þau verð sem þú sérð á fasteignum hér á Spáni eru grunnverð og það eiga eftir að bæstast við um 12-13% í ýmis gjöld sem kaupandi þarf að greiða. Þar er meðal annars 10% söluskattur frá spænska ríkinu. En á móti kemur að fasteignagjöld á Spáni eru mjög lág.“

Á vefsíðunni okkar sumareignir.is er mjög góð útlitun á því hvernig kaupferlið fer fram. Helsti munurinn er að hér á Spáni er gengið frá kaupsamningum hjá sýslumanni í stað þess að fasteignasöluvarnir sjálfar séu að ganga frá kaupsamningunum. Þetta er mikið öryggi fyrir kaupandann þar sem að sýslumaður stoppar kaupferlið ef ekki er allt eins og það á að vera.

Við hjá Sumareignum leiðum okkar viðskiptavini í gegnum allt kaupferlið á skiljanlegan og yfirvegaðan hátt og finnum til alla pappíra og skjöl sem þarf að skrifa undir og fleira.

Við höfum mikla reynslu í sölu og kaupum fasteigna á Spáni og getum því boðið viðskiptavinum okkar einstaklega þægilega og hentuga þjónustu. ■

Skoðaðu nýju draumaeignina þína á sumareignir.is.



Íbúðir við ströndina – verð frá 245.000€ (34.000.000 kr.), öll húsgögn og loftkæling innifalið í verði.

MYNDIR/ÞSENDAR

Fleiri gæðastundir á Spáni

Kjörorð hjónanna Auður Hansen og Orra Ingvasonar sem hafa rekið fasteignasöluna Perla Investments á Spáni í yfir 20 ár er að „Lifa núna“. Lífsviðhorf sem hjónin segjast alls ekki alltaf hafa verið meðvituð um, frekar eitthvað sem þau hafi lært í gegnum tíðina.

Þannig sjá þau sig sjálf oft í viðskiptavininum sem einmitt eru oftast í leit að því að upplifa meiri lífsgæði. „Við förum öll mismunandi leiðir í lífinu og að baki þeim ákvörðunum sem fólk tekur liggja vissulega mismunandi ástæður, sama á við um ástæðu þess að fólk ákveður að eignast fasteign á Spáni,“ segir Auður.

„Það mætti segja að viðskiptavinir okkar eigi það margir sameiginlegt að vilja upplifa fleiri gæðastundir með fjölskyldunni, geta notið útveru allan ársins hring auk þess sem aukinn kaupmáttur og aukin lífsgæði spila vissulega stóran þátt í slíkri ákvörðunartöku,“ segir hún.

Endurhugsuðu lífið

„Í okkar tilfelli hafði þetta allt áhrif á ákvörðunartöku okkar að flytja út. Í aðdragandanum höfðum við jafnframt upplifað erfíðan tíma þar sem sonur okkar var innliggjandi á spítala í samtals þrjú ár fyrstu 4 ár ævinnar auk þess sem við misstum tvær dætur á meðgöngu með þriggja ára millibili. Þessi áföll höfðu þau áhrif á okkur að maður fór að endurhugsa lífið, spyrja sig spurninga um hvað það væri sem að raunverulega skipti máli. Var það að halda áfram að stíga hamsturhjólíð og setja undir sig hausinn eða var möguleiki á að gera eitthvað annað? En eins og svo margir Íslendingar höfðum við farið í sólarlandaferðir til Spánar, þar sem spurningin: „Af hverju getum við ekki bara búið hér?“ kom iðulega upp í lok hverrar ferðar,“ bætir Auður við.

„Þetta var auðvitað stórt skref og við ákváðum að byrja á að gefa þessu fjögur ár. Við töldum okkur þurfa þann tíma til að geta lagt kalt mat á samanburð á milli landanna, skilja menninguna, læra tungumálið og margt fleira. Nú erum við búin að vera hér í 22



Orri og Auður með hluta af börnum sínum á góðri stundu.

ár og erum ekkert á förum. Litli bærinn okkar sem við höfum búið hvað lengst í varð að æskulóðum barnanna okkar, líkt og Akureyri og Garðabærinn var hjá okkur foreldrunum.

Við elskum auðvitað að sækja Ísland heim, knúsa ættingja og vini og gæða okkur á séríslensku góðgæti. En í dag er stórfjölskyldan alltaf að flytja meira og meira hingað út og við gætum ekki verið þakklátari fyrir að hafa tekið þetta skref á sínum tíma.

Vinnan er forréttindi

Svo eru það auðvitað forréttindi að fá að hjálpa fólki við að gera slíkt hið sama og að fá að kalla þessa paradís heimilið sitt. Spánn tók okkur opnum örmum og við tölum oft um það af mikilli hlýju sem ættleiðingarlandið okkar,“ segir hún.

„Okkar reynsla er sú að þessir flutningar hafi haft jákvæð áhrif á fjölskylduna, jafnt heilsufarslega og í fleiri gæðastundum, en það má ekki gleyma því að svona flutningar fela ósjálfrátt í sér ákveðið endurmat á lífsháttum sem gerir manni kleift að forgangsraða meðvitað því sem raunverulega skiptir máli.

Fyrir okkur er mesta gleðin í vinnunni að geta aðstoðað fólk við að láta draum um nýtt líf í nýju landi rætast þannig að ferlið verði áhyggju- og áreynslulaust. Viðskiptavinir okkar eru vissulega með mismunandi þarfir, á meðan sumir eru að flytja út með börn á skólaaldri eru aðrir komnir til að njóta bestu árána á eftirlaunaldrinum. Reynsla okkar hérna kemur sér því vel og veitum við

viðskiptavininum okkar þjónustu langt umfram einungis fasteignakaup, þar sem við aðstoðum og leiðbeinum fólki við að komast inn í heilbrigðismál, skólakerfið og hvað eina sem upp getur komið,“ segir Auður.

Stórar sem smáar eignir á Spáni

„Skrifstofan okkar í Villamartin er opin alla virka daga þar sem hurðin er alltaf opin og heitt á könnunni. Við viljum að viðskiptavinir upplifi það að geta alltaf leitað til okkar og kíkt við, hvort sem það er í spjall eða að fá ráðleggingar um lífið á Spáni. Það sem byrjaði hjá okkur eins og fjölskyldufyrirtæki fyrir 22 árum hefur sannarlega þróast og Perlu fjölskyldan alltaf að stækka – enda lítum við á alla viðskiptavinina sem part af henni,“ segir hún.

Fasteignasalan Perla Investment selur eignir allt frá Valenci til Murcia, svo sem í og í kringum Torrevieja-svæðið sem Íslendingum er vel kunnugt. Stærðir eru mismunandi, allt frá litlum íbúðum upp í stórglæsileg einbýlishús.

Eignirnar eru staðsettar víða, nálægt strönd, í fjalllendi, í borgum, litlum bæjum, nálægt göf-völlum og fleira. ■

Hægt er að hafa samband við skrifstofuna á Spáni í síma 0034 96 676 5972 en þar er svarð á íslensku. Einnig er íslenskur sími 893 3911. Netfangið er info@perlainvest.com. Fyrirtækið er með heimasíðu perlainvest.com og er bæði á Facebook og Instagram. Skrifstofan er opin alla virka daga frá 10-17.



Íbúðir frá 196.000€ (27.000.000 kr.), glæsilegur sameiginlegur garður með sundlaugum, sólbaðsaðstöðu, ping pong, minigolfi og leiksvæði – öll húsgögn innifalin.



Ánægðir viðskiptavinir sem nýlega gengu frá kaupum á draumaeigninni – ásamt starfsmönnum Perla.



Glæsileg einbýlishús í fjallendi Murcia, einkasundlaug innifalin í verði og mikil náttúrufergur allt í kring. Verð frá 205.000€ (28.500.000 kr.).

Hugurinn ber þig hálf leið, **við sjáum um rest.**

Fasteignasala Íslendinga á Spáni



P e r l a
Investments s.l
Since 2000

WWW.PERLAINVEST.COM



 (0034) 96 676 5972  INFO@PERLAINVEST.COM

FYLGDU OKKUR Á INSTAGRAM & FACEBOOK  PERLAINVEST  PERLAINVEST





S
h
Pitt



GÍS Golfklúbbur



**Við bjóðum viðskiptavinum
Spánarheimila allt að 55% afslátt
af golfi á Spáni.**



Ýmis þjónusta Spánarheimila

- ✓ Leiguumsjón
- ✓ Fasteignausjón
- ✓ Deilibílar
- ✓ Flugvallarakstur



WWW.SPANN.IS | SÍMI: 5 585

spanar heimili

á annað heimili



Skoðunarferðir

79.900kr á mann út máí.
Skoðunarferðargjald endurgreitt
ef af kaupum verður

Bókaðu Einkakynningu

Við svörum öllum spurningum
sem kunna að brenna á vörum
þínum vegna fjárfestinga á
Spáni.



Seljum allar tegundir af eignum

- ✓ Nýtt/notað
- ✓ Raðhús/parhús
- ✓ Efri/neðri sérhæðir
- ✓ Íbúðir í fjölbýli
- ✓ Einbýli

858 | INFO@SPANARHEIMILI.IS



Tomatina Festival er haldið árlega í lok ágúst í Buñol. Skiljið sparifötin eftir heima. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Spánn iðar af lífi

starri@frettabladid.is

Íslendingar búsettir á Spáni þurfa ekki að kvíða viðburðasnaudum tímum. Ótal hátíðir eru haldnar í landinu, sérstaklega yfir sumar-tímamann.

Feria de Sevilla er ein litríkasta hátíð Spánar, haldin eftir páska. Hátíðin stendur yfir í viku og er í ár haldin í fyrri hluta maímánaðar. Þá breytist borgin í sannkallaða gleðiborg með litfögum skrúðgöngum og fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Benicassim Music Festival er fjögurra daga tónlistarhátíð sem haldin er um miðjan júlí á ströndinni milli Valencia og Barcelona. Meðal helstu flytjenda í ár má nefna Kasabian, Two Door Cinema Club og Steve Aoki.

Gracia Festival er ein stærsta hátíð Spánar og haldin í Barcelona um miðjan ágúst. Hafi borgin verið lifandi fyrir springur allt út þessa vikuna með skrúðgöngum, flugeldasýningum og ótal skemmtilegum viðburðum.

Tomatina Festival er haldið árlega í lok ágúst í Buñol, sem er í klukkustundar fjarlægð frá Valencia. Þar geta gestir tekið þátt í stærsta tómatbardaga veraldar en hátíðin trekkir að mikinn fjölda ferðalanga ár hvert. Skiljið sparifötin eftir heima. ■



Girnilegur smábíti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Frábær spænskur smáréttur

elin@frettabladid.is

Flestir sem koma til Spánar þurfa að fá sér tapas-rétti, einn eða fleiri. Fylltar döðlur með spænski chorizo pylsu vafðar í beikon er góður munnbíti, sætur og reyktur. Auk þess er mjög auðvelt að gera þennan litla rétt.

Fylltar döðlur

[1 litil spænsk chorizo-pylsa, hægt er að fá þær mismunandi stærkar 24 döðlur](#)
[12 sneiðar beikon](#)

Kljúfið pylsuna með hnif í tvo hluta. Skerið síðan í 24 litla bita.

Setjið inn í steinlausa döðluna. Vefjið beikonsneið utan um og stingið tannstóngli í gegn til að halda öllu saman.

Steikið á pönnu og veltið til og frá í 10 mínútur eða þangað til beikonið er fullsteikt.

Þerrið á eldhúspappír og berið fram. ■

Að bjarga sér á spænsku

thordisg@frettabladid.is

Á Spáni eru töluð fjögur tungumál, því auk spænsku er töluð katalónska í Katalóníu, Valencia og Baleareyjum, galísíska í Galísíu og baskneska í Baskalandi.

Það er sniðugt að læra lykilsetningar á spænsku áður en haldið er í ánn. Það getur hjálpað þar sem enska skilst illa og heimafólk kann að meta viðleitnina. ■

- **Hola:** Halló
- **¿Qué tal?:** Hvernig hefur þú það?
- **¿Qué pasa?:** Hvað er að gerast?
- **Bien:** Gott
- **Muy bien:** Mjög gott
- **No tan bien:** Ekki svo gott
- **¿Y tú?:** Og þú?
- **Me llamo ...:** Ég heiti ...
- **¿Cómo te llamas?:** Hvað heitir þú?

- **Nos vemos mañana:** Sjáumst á morgun
- **Hasta luego:** Sjáumst seinna
- **Gracias:** Þakka þér fyrir
- **De nada:** Ekkert að þakka
- **Disculpe:** Afsakið mig
- **Lo siento:** Fyrirgefðu
- **Me gusta / No me gusta ...:** Mér líkar það/Mér líkar það ekki
- **Necesito ayuda:** Ég þarf hjálp

- **No lo sé:** Ég veit það ekki
- **¿Lo entiendes?:** Skilur þú?
- **No entiendo:** Ég skil ekki
- **Dios mío:** Guð minn góður
- **Salud!:** Skál!
- **¿Cuánto cuesta?:** Hvað kostar þetta?
- **¿Dónde está el baño?:** Hvar er snyrtingin?
- **¿Qué hora es?:** Hvað er klukkan?

LIND
FASTEIGNASALA

510 7900

Bæjarlind 4 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



Framúrskarandi fyrirtæki



Fasteignasalan Lind er **framúrskarandi þriðja árið í röð** þökk sé framúrskarandi starfsmönnum og viðskiptavinum



Allir kaupendur og seljendur fá **Vildarkort Lindar**

sem veitir **30% afslátt** hjá eftirfarandi fyrirtækjum



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Fligger:** 30% afsláttur af allri innmálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z-brautir & gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vidd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmíðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistöðum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

FASTEIGNASALAN LIND
STOFNAR SÉRSTAKA

**ATVINNU-
HÚSNÆÐISDEILD**

LIND ATVINNUHÚSNÆÐISDEILD

Yfir 50 ára reynsla í sölu og leigu á atvinnuhúsnæðum.

Vantar allar gerðir eigna á skrá, heyrðu í okkur eða sendu

okkur tölvupóst atv@fastlind.is

**NÝJAR
ÍBÚÐIR**



**ÞÚ FINNUR
NÝJU ÍBÚÐINA
HJÁ OKKUR!**

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á
www.nyjaribudir.is



LIND Fasteignasala
**Uppspretta
ánægjulegra
viðskipta**

Garðastræti 42

101 Reykjavík

Fallegt, vel skipulagt og mikið endunýjað 270 fm einbýlishús á þremur hæðum

- Skiptist í hol, tvær stofur, borðstofu og eldhús á miðhæð
- Fjögur svefnherbergi og baðherbergi á efstu hæð
- Þrjú rúmgóð herbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu á jarðhæð

Verð: **Tilboð**



PANTIÐ SKOÐUN hjá sölumönnum



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



Jón Rafn Valdímars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN hjá Kjartani í síma: 663 4392



Kjartan Í. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Holtavegur 33

210 Garðabær - íb. 203

Falleg og björt 3ja herb. 102 fm íbúð á 3ju hæð í fallegu fjölbýli með lyftu

- Gólfisíðir gluggar
- Sér bílastæði í upphitaðri bílageymslu
- Gluggar til þriggja átta sem gerir íbúðina sérstaklega bjarta
- Rúmgóðar svarir með útsýni til suð/vesturs

Verð: **70,5 millj.**

OPÍÐ HÚS

Þriðjudaginn 26. apríl kl. 17.00 - 17.30



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Vindakór 5-7

203 Kópavogur - íb. 203

Góð 128,8 fm íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi

- Íbúðin er fallega innréttuð
- Þrjú svefnherbergi
- Svalainngangur
- Stæði í bílajakallara
- 14,8 fm geymsla
- Stutt í alla þjónustu

Verð: **74,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN hjá Jasoni í síma 775 1515



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Drápuhlíð 28

105 Reykjavík

Falleg 85,3 fm íbúð með góðri lofthæð

- 2 rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi.
- Hol, eldhús, stofa og geymsla
- Jarðhæð/kjallari.
- Sameiginlegt þvottahús er á hæðinni

Verð: **56 millj.**

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN hjá Jóranni í síma 845 8958



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Vatnsholtavegur 7

806 Syðri Reykír

Glæsilegt 77,6 fm sumarhús í Biskupstungum

- Steyptir sökklar og burðarveggir
- Hitaveita, heitur pottur
- Vandaðar innréttingar
- Glæsilegur arinn
- Mikil lofthæð í stofum 3,4 m
- Rúmlega 110 fm pallur
- Baðherbergi flísalagt og með sturtu

Verð: **59 millj.**



BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 775 1515

Hafnarbraut 12e

200 Kópavogur

Falleg 3ja herbergja 117,3 fm íbúð á 3. hæð

- Tvö svefnherbergi
- Geymsla
- Borðstofa, stofa og eldhús eru í opnu rými
- Sér bílastæði í upphitaðri bílageymslu.

Verð: **77,9 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Ólafsson** löggiltur fasteignasali



BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 775 1515

Bergþórugata 23

101 Reykjavík

Falleg 91,6 fm íbúð á jarðhæð

- 2 svefnherbergi
- Nýlega endurnýjað eldhúsið
- Sérútgengi út í garð. Geymsla í kjallara.
- Laus við kaupsamning

Verð: **52,9 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Ólafsson** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU



BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 775 1515

Ártunga 2

806 Biskupstungur

Fallegt 30 fm sumarhús + grunnur annan 30 fm bústað

- Ártunga 2 stendur við mjög fallegan stað við Brúará Hlaupungufoss og flúðir fyrir neðan hann og Miðfoss fyrir ofan
- Skipulagt með 2 gestahúsum hvert um sig 30 fm, fyrra húsið er fullbyggt og seinna húsið er á byrjunarstigi

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



MIKLABORG

Með þér alla leið

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

Vá hvað mig langar í heitan pott!

Eigum til úrval auka og fylgihluta fyrir pottinn og pottaferðina. Fljótandi "hengirúm" háfa, bursta, hitamæla, spil, klór og margt fleira. Skoðið úrvalið á normx.is

Hvernig væri að láta drauminn um heitan pott rætast?
Allir okkar pottar til á lager!



Sigurlaug
135.00 kr.

Gvendarlaug
189.000 kr.

Grettislaug
259.000kr.

Geirslaug
279.000 kr.

Unnarlaug
310.000 kr.

Snorrulaug
299.000 kr.

NORMX

Íslensk framleiðsla í 40 ár!

NormX Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



ÚTKALL



HRINGBRAUT

ÚTKALL

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.30 OG 21.30

Í þáttunum talar Óttar Sveinsson, höfundur Útkallsbókanna, við söguhetjurnar sínar. Fólk sem hefur tengingu við og upplifði slysin sem fjallað er um í hverjum þætti.



SJÓVÁ



FÉLAG FASTEIGNASALA

Til félagsmanna í Félagi fasteignasala.

AÐALFUNDUR 2022.

Aðalfundur Félags fasteignasala verður haldinn þriðjudaginn 10. maí kl 16:30 síðdegis á Grand Hótel Reykjavík.

Á dagskrá aðalfundar FF verða eftirtalin mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Kosning tveggja meðstjórnenda
4. Kosning tveggja varamanna
5. Kjör skoðunarmanna reikninga
6. Kjör laganevndar
7. Önnur mál er upp kunna að vera borin.

Aðalfundur Fasteignaleitar ehf (fasteignir.is), Homepage, Home Ed og Fasteignasölukerfis ehf verður haldinn 10. maí n.k. kl. 18:00 á Grand Hótel

DAGSKRÁ:

1. Ársskýrslur Fasteignaleitar ehf, Homepage, Home Ed og Fasteignasölukerfis ehf
2. Endurskoðaður reikningur fyrir liðið reikningsár.
3. Önnur mál.

Léttar veitingar í lok fundar

Stjórnin



SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR

Lausar stöður grunnskólakennara í Stóru-Vogaskóla

Stóru-Vogaskóli óskar eftir að ráða grunnskólakennara í eftirfarandi stöður fyrir næsta skólaár 2022-2023:

- Smíði
- Myndmennt

Stóru-Vogaskóli er 170 barna grunnskóli þar sem skólastarf er í senn metnaðarfullt og faglegt. Einkunnarorð skólans eru virðing, vinátta og velgengi sem endurspeglast í daglegu starfi í skólanum. Í skólanum er góður starfsandi og hefur skólinn á að skipa öflugu og áhugasömu starfsfólki.

Skólinn er staðsettur í einstöku umhverfi í nálægð við fjölbreytta náttúru. Stóru-Vogaskóli er Grænfánaskóli.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu, skal fylgja umsókn
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Færni í samvinnu og teymisvinnu
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum
- Ábyrgð og stundvísi
- Áhugi á að starfa með börnum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Kennara-sambands Íslands.

Umsóknarfrestur er til 10. maí og skulu umsóknir berast á netfangið hilmar@vogar.is

Nánari upplýsingar veitir Hilmar Egill Sveinbjörnsson í síma 440-6250.



Stóru-Vogaskóli
Virðing - Vinátta - Velgengi



Umhverfismat framkvæmda

Matsáætlun í kynningu

Stækkun Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði

Fjarðarbyggð hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats stækkunar Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 25. maí 2022 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Starfsmaður í véladeild

Garðheimar bjóða uppá störf í skemmtilegu og líflegu umhverfi sem leggur áherslu á grænan lífstíl. Við leitum nú að laghentum starfsmanni til að slást í hópinn í véladeildinni okkar.

STARFSMAÐUR Í VÉLADEILD

Helstu verkefni og ábyrgð

Viðgerðir á ýmsum vélum, tækjum og ljósaseríum á þjónustuverkstæði okkar. Afgreiðsla tækja og varahluta Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina

Menntunar- og hæfniskröfur

Þekking og færni í viðgerðum. Stundvísi, samviskusemi og geta unnið sjálfstætt. Íslenskukunnátta. Góðir samskiptahæfileikar.

Vinnutími er 8-16 virka daga.

Frekar upplýsingar gefur verslunarstjóri Garðheima.

Umsóknir sendist á umsoknir@gardheimar.is eða á heimasíðu okkar gardheimar.is/umsoknir

Umsóknarfrestur er til 9. maí

HLÖKKUM TIL AÐ HEYRA FRÁ ÞÉRI!



GARÐHEIMAR



Búmenn hsf
Húsnæðissamvinnufélag
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími 552 5644
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

AÐALFUNDUR Búmannanna hsf.

Aðalfundur Búmannanna hsf., verður haldinn þriðjudaginn 17. maí 2022 og hefst hann kl. 14.00 í Gullteig á Grand Hótel við Sigtún í Reykjavík og streymt þaðan í Múlaberg á Hótel KEA, Hafnarstræti 87-89 á Akureyri.

Í samræmi við 13. gr. samþykktu Búmannanna verður félagsmönnum sem búa í meira en 200 km. akstursfjarlægð frá tilgreindum aðalfundarstað gefinn kostur á að mæta og taka þátt í aðalfundinum í gegnum fjarfundarbúnað á fjarfundarstað.

Fjarfundarstaður verður í Múlaberg á Hótel KEA, Hafnarstræti 87-89 á Akureyri. Nánar visast til reglna um rafræna þátttöku á félagsfundum Búmannanna sem eru aðgengilegar á vef Búmannanna www.bumenn.is.

Innskráning á fundinn á aðalfundarstað og fjarfundarstað hefst kl. 13.00 og eru félagsmenn hvattir til að mæta tímanlega til skráningar.

Aðalfundurinn er opin öllum félagsmönnum Búmannanna og hafa þeir málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundinum. Hver félagsmaður má fara með umboð frá einum öðrum félagsmanni.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs er til þriðjudagsins 3. maí 2022. Samkvæmt samþykktum Búmannanna á að kjósa um formann félagsins, tvo stjórnarmenn og þrjá varamenn í stjórn. Framboðum skal skila á netfangið gunnarkr@bumenn.is

Dagskrá fundarins er í samræmi við samþykktir félagsins sem hér segir.

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár og umræður um hana.
3. Framlagning ársreikninga, umræða og afgreiðsla.
4. Ákvörðun um hvernig ráðstafa skuli rekstrarafgangi eða bregðast við ef tap verður á rekstri félagsins.
5. Kynning á ákvörðun stjórnar um fjárhæð félagsgjalda, inntökugjalda, þjónustugjalda og annarra gjalda sem ákveðin eru af stjórn félagsins samkvæmt samþykktum þess.
6. Ákvörðun gjalds í viðhaldssjóð félagsins.
7. Ákvörðun um framlag til varasjóðs félagsins.
8. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.
9. Kosning formanns til eins árs.
10. Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára.
11. Kosning þriggja varamanna í stjórn til eins árs.
12. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
13. Kosning löggilts endurskoðanda til eins árs og tveggja skoðunarmanna og eins til vara, alla til eins árs.
14. Kosning þriggja manna kjörnefndar
15. Undir þessum lið verða flutt þrjú stutt erindi.
 - a) Tryggingar vegna alþjóts, vegna sólpalla og svalalokana og fleira. Kristinn Bjarnason, lögmaður Búmannanna
 - b) Hvernig hægt er að bæta gæði innilofts í íbúðum. Marteinn Jónsson, verkfræðingur
 - c) Rafbílavæðing hjá Búmönnum. Daði Baldur Ottóson, verkfræðingur
16. Önnur mál

Stjórn Búmannanna hsf.

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár


hagvangur.is



HAGVANGUR

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Poo Pourri fæst í fimm lyktar- tegundum sem allar eiga það sameiginlegt að koma í veg fyrir vonða lykt á salerninu.

MYND/ADSEND

Salernisferðir þurfa ekki að lykta illa

Poo Pourri kemur í veg fyrir vonða lykt eftir salernisferðir og gerir þér kleift að ganga í burtu með bros á vör. Poo Pourri er öruggt fyrir fjölskylduna, heimilið og náttúruna.

Mörg okkar eru loksins að komast aftur til vinnu eftir að hafa unnið heima til lengri tíma sem gerir það að verkum að salernisferðir okkar flytjast aftur í vinnuna. Dagarnir þar sem salernisferðin er beint eftir fyrsta kaffibolla dagsins eða góðu máltíðina í hádeginu eru því liðnir.

Margir hverjir notast svo sem við ilmkerti eða annað slíkt til þess að koma í veg fyrir slæma lykt á baðherberginu eftir salernisferðir, sem virkar oft á tíðum vel en oftar en ekki verður ástandið þó verra.

Salerniskvíði algengt vandamál
Að fara á salernið á almanna-

færi getur verið taugatrekkjandi, óþægilegt og jafnvel valdið kvíða hjá afar mörgum.

Flest okkar þekkja hve hentugt er að notast við salernisaðstöðuna heima við og kannast því ansi margir við að upplifa eins konar kvíðatilfinningu þegar kemur að því að nota almenningsalerni þegar þörf knýr dyra. Þetta getur valdið hinum ýmsu óþægindum hjá einstaklingum, svo sem skömm yfir að skilja eftir sig vonða lykt fyrir næsta einstakling. Margir halda í sér heilu dagana þangað til heim er komið, sem er ekki gott fyrir heilsu okkar.

Einföld lausn við óþef á salerninu
Öll könnuð við að óþefur getur myndast eftir salernisferðir, sem er eðlilegt og kemur fyrir hjá öllum. Vonð lykt eftir salernisferðir getur þó oft á tíðum verið orsök ýmissa óþægilegra aðstæðna, hvort sem það er heima við, í vinnunni eða



Ég get núna leyft öllum að gera sitt inni á klósetti og þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af lyktinni, segir Hjalmar Örn Jóhannsson.

MYND/ADSEND

hvar sem er. Að fara á salernið með bros á vör og þurfa ekki að hafa áhyggjur af að það líði yfir næsta einstakling sem bíður eftir salernisaðstöðunni er mikilvægt og til einföld lausn við því. Ef þú hefur áhyggjur eða upplifir kvíðatilfinningu við salernisferðir þá er tilvalið fyrir þig að prófa Poo Pourri-sprey-

ið sem gerir þér kleift að gera þarfir þínar á hvaða snyrtingu sem er, hvenær sem er.

Poo Pourri gerir salernisferðina til muna auðveldari

Poo Pourri er lyktarsprey sem útrýmir vonðri lykt á salerninu áður en hún gerir vart við sig. Með spreynu geta allir gert sínar þarfir án þess að skilja eftir illa lyktandi salerni og komið þannig í veg fyrir óþægindi sem stafað geta af salernisferðum. Það sem gerir Poo Pourri frábrugðið öðrum ilmspreyjum er að það inniheldur einungis náttúruleg efni. Framleiðendur Poo Pourri nota engin umhverfisfjandsamleg aukaeefni heldur einungis náttúruleg efni sem hafa það að markmiði að kæfa vonða lykt og gefa ferskan ilm í staðinn.

Poo Pourri fæst í fimm lyktar- tegundum sem allar eiga það sameiginlegt að koma í veg fyrir vonða lykt á salerninu. Formúlurnar hafa afar kröftuga og góða lykt og eru öruggar fyrir fjölskylduna, heimilið og náttúruna. ■

Poo Pourri-línan fæst í Fjarðar- kaupum, Hagkaup, Heimkaup og í apótekum.



Betri svefn

Melissa Dream er hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni.

Þessi blanda inniheldur ekki efni sem hafa sljógandi áhrif.



Þvílíkur munur!

„Ég bæði sef fastar og sofna fyrr. Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvíld. Ég sef alla nóttina og er ekki sífellt að vakna upp eins og áður. Ég mæli hiklaust með Melissa Dream fyrir alla“

Elsa M. Víðis.



Valið besta bætiefni við streitu hjá National Nutrition í Kanada

Útsöluastaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin allra virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bátar

VEIDIPORTID
Grandagarður 3 • S: 552-9940

Stærðir:
270cm-500cm

Verð frá:
149.000.kr



SAILSKI®
Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtals- aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Húsviðhald

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800

HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN

FLÍSALAGNIR
o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhúsviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu

<https://runarmurari.is/>
runarmurari@gmail.com
VSK 135377

BLÖÐIN

Bláðið í dag og safn eldri bláða á frettabladid.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Spádómar

SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

- SPÁÍ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
- MEÐ HJÁLPI AÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá byli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-15,
Skiptiholt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frimerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Haðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Heilsa

Heilsuvörur



OKKAR ALLRA BESTU ERU KOMNAR



- 100 HRAÐAR
- KRAFTMIKLAR
- HLJÓÐLÁTAR



ÍSHÚSIÐ EHF - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA



Íshúsið



viftur.is

S: 566 6000 • Smíðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Andaðu léttar...

Málþing Náttúrlækningafélags Íslands – 26. apríl 2022

Fasta – heilsuefning eða öfgar?

Fræðslunefnd NLFÍ efnir til málþings á Icelandair Hotel Reykjavik Natura þriðjudaginn 26. apríl 2022 kl. 19:30.



Jóhanna Eyrún Torfadóttir



Sigurjón Ernir Sturluson



Þorbjörg Hafsteinsdóttir



Lukka Pálsdóttir



Geir Gunnar Markússon

- *Hvað gerist í líkamanum við föstu?*
- *Er mikill munur á mataræði þeirra sem fasta og þeirra sem ekki fasta?*
- *Er fasta áhættusöm?*
- *Er hún fyrir alla?*
- *Hver er áhrifaríkasta fastan?*
Dagsföstur, 16:8, 20:4, 5:2?

Frummælendur:

Er algengt að fólk fasti reglubundið á Íslandi?

Jóhanna Eyrún Torfadóttir næringarfræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum

Þjálfun og fastan með Sigurjóni Erni

Sigurjón Ernir Sturluson íþróttfræðingur og ultra-hlaupari

Fasta, gerðir og heilsuáhrif

Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti

Er fasta lykillinn að langlífi og lífsgæðum?

Lukka Pálsdóttir sjúkráþjálfari BS, MBA, stofnandi Happ og Greenfit

Fundarstjóri: Geir Gunnar Markússon,
næringarfræðingur á Heilsustofnun

Í kvöld
kl. 19:30



Berum ábyrgð á eigin heilsu
www.nlfi.is

Allir velkomnir
Aðgangseyrir 2.000 kr.
Frítt fyrir félagsmenn

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Útkall Útkall er sjónvarps-útgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 433.is Farið yfir allt það helsta í heimi íþróttar, heima og erlendis.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Matur og heimili (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2010-2011 Vestmannaeyjar - Akranes.
- 14.30 Andri á flandri - í Vesturheimi Íslendingadagurinn
- 15.05 89 á stöðinni
- 15.25 Lífsins lystisemdir
- 15.55 Músíkmolar
- 16.05 Kiljan
- 16.35 Menningarvikan
- 17.05 Íslendingar Jóhann G. Jóhannsson.
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hönnunarstirnin
- 18.18 Tilraunastofan
- 18.41 Nei sko! Tilraun - Gervisnjör.
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Kveikur í þrjátíu ár hefur verið fjallað um fráflæðisvanda Landspítalans en minna horft til fólksins sem lendir á hrakhólum. Hefur eitthvað breyst á þessum þrjátíu árum? Og hvernig stendur á því að veikt, gamalt fólk nýtur ekki fullra mannréttinda?
- 21.00 Trúður Klövn
- 21.30 Laustengd og liðug Semi-Detached Gamanþættir frá BBC um hinn seinheppna Stuart sem reynir með misgöðum árangri að takast á við áskoranir lífsins.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Snjóenglar Snöänglar
- 23.20 Fjölskyldubönd Mother Father Son
- 00.20 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Survivor (7.15)
- 15.40 Survivor (8.15)
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 A.P. BIO
- 19.40 American Auto
- 20.10 Good Sam
- 21.00 FBI
- 21.50 FBI. Most Wanted
- 22.40 Love Island Australia
- 23.30 The Late Late Show
- 00.15 Berlin Station
- 01.10 Chicago Med
- 01.55 Station 19
- 02.40 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.20 The O.C.
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 The Masked Dancer
- 10.30 Jamie's Easy Meals for Every Day
- 10.55 Masterchef USA
- 11.35 Call Me Kat
- 11.55 Queen Sugar
- 12.40 Nágrannar
- 13.00 30 Rock
- 13.20 30 Rock
- 13.45 The Great British Bake Off
- 14.50 How to Cure ...
- 15.35 Nýja Ísland Ný heimildarmynd í tveimur hlutum úr smíðju Lóu Pind Aldisardóttur.
- 16.45 The Good Doctor
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Hell's Kitchen USA
- 19.55 B Positive
- 20.15 S.W.A.T.
- 21.05 Better Call Saul
- 21.50 Men in Kilts. A Roadtrip with Sam and Graham
- 22.20 Last Week Tonight
- 22.50 Nach
- 23.10 Next
- 23.50 Supernatural
- 00.30 The O.C.
- 01.15 The Masked Dancer
- 02.20 Jamie's Easy Meals for Every Day
- 02.45 Masterchef USA
- 03.25 Call Me Kat
- 03.45 Queen Sugar
- 04.30 30 Rock
- 04.50 30 Rock

Skagagleði á 433

Skagamenn unnu Víkinga sannfærandi á sunnudag 3-0. Meðal markaskorara var Aron Bjarki Jósefsson en hann sest í settið til Harðar Snævars Jónssonar, íþróttastjóra Torgs, í þættinum 433 og fer yfir fyrstu tvo leikina og vistaskiptin frá KR til ÍA, svo fátt eitt sé nefnt. Þátturinn er á dagskrá Hringbrautar alla þriðjudaga þar sem knattspyrnumenn og -konur koma og segja á mannamáli frá því sem á daga þeirra hefur drifið. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

DLÁRÉTT

- 1 flik
- 5 extra
- 6 byrði
- 8 rugla
- 10 átt
- 11 sepi
- 12 eingöngu
- 13 vélræði
- 15 land í Asíu
- 17 vandvirkni

LÓÐRÉTT

- 1 hrannast
- 2 gola
- 3 mari
- 4 málmur
- 7 fannfergi
- 9 veggspjald
- 12 skaddast
- 14 efnileg
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 skokk, 5 auk, 6 ok, 8 flippa, 10 na, 11 laf, 12 bara, 13 svik, 15 tæland, 17 natni.
LÓÐRÉTT: 1 safnast, 2 kula, 3 oki, 4 kopar, 7 kafald, 9 plakat, 12 bila, 14 væn, 16 m.

Sudoku

3	1			9	8			
							4	8
	2		3	5		6		
8			5		3			1
	7				9	2	3	
		9	6	1				
			2		1		8	
	6						2	3
			7		5			

5	8							
	6	1	3			7	2	
		2	8			3		
	1	6						7
9	7				3	2	4	
					5	9		1
6	2		9			4	5	
					8			
				3	4			9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



FERÐAST UM ÍSLAND

Laugardaginn 30. apríl gefur Fréttablaðið út sérblað um Ferðalög innanlands.

Við viljum hefja sumarið 2022 snemma með flottu innanlandsferðablaði. Vonumst eftir frábæru og sólríku ferðasumri fyrir alla ferðapýrsta Íslendinga.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar veitir:

Jóhann Waage markaðsfulltrúi, johannwaage@frettabladid.is eða 550-5656





Matur & Heimili
með Sjöfn Þórðar

**ÞRIÐJUDAGA
KL. 19.00 OG
21.00**

MATUR OG HEIMILI

MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Sjónvarpsþátturinn Matur og heimili verður að vanda á dagskrá Hringbrautar í kvöld.

Sjöfn Þórðardóttir heimsækir miðbæ Hafnarfjarðar og hitta Rósu Guðbjartsdóttur bæjarstjóra þar sem þær munum rölta um bæinn. Hjarta bæjarins slær í miðbænum þar sem allt iðar af menningu og mannlífi. Verslun blómstrar og kaffihús- og veitingahúsaflóran er einstök. Einnig mun Sjöfn heimsækja verslunarkjarnann Fjörðinn og hitta þar Guðmund Bjarna Harðarson framkvæmdastjóra. Mikil uppbygging er framundan í Firðinum sem Guðmundur mun fara yfir með Sjöfn.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is



HRINGBRAUT



SALTFISKHÁTÍÐ
MEÐ SIGGA HALL
 27. APRÍL - 1. MAÍ



SEIÐANDI SALTFISKKRÉTTIR

ÁÐ HÆTTI SIGGA HALL OG
 MATREIÐSLUMEISTARA TAPASBARSINS

Saltfiskur Pesto	2.590 kr.
Saltfiskur Ze do Pipó	2.690 kr.
Saltfiskur Gomes de Sa	2.690 kr.
Saltfiskur Chorizo	2.590 kr.
Saltfiskklasagne	2.990 kr.
Saltfiskur Catalonia	2.590 kr.
Saltfiskur Xéres	2.790 kr.

SPÁNN ER HANDAN VIÐ HORNID

Nánari upplýsingar
 og borðapantanir
 í síma 551-2344
 og á tapas.is



Sigurverk Feneyjatvíæringsins 2019.

MYND/EGENIA LEVIN

List er réttur allra

Listahátíð í Reykjavík verður haldin dagana 1.-19. júní og verður mikið um dýrðir. Dagskráin hefur nú verið kunngerð í heild sinni. Vigdís Jakobsdóttir er listrænn stjórnandi hátíðarinnar.

kolbrunb@frettabladid.is

„Áherslur Listahátíðar undanfarin ár hafa byggst á því að teygja hátíðina út í samfélagið og fagna fjölbreytileika mannlífsins, bæði í verkefnavali og í því hvernig við nálgumst áhorfendur. Kjarni stefnu hátíðarinnar er að list sé réttur allra en ekki forréttindi fárra.“

Þema hátíðarinnar í ár er Hinum megin. „Þemað er einfalt en samt margþætt. Eftir Covid er heimurinn annar en áður, við erum komin hinum megin við faraldurinn í ýmsum skilningi. Hamfarahlýnun heldur hins vegar áfram að stig-magnast og nú er brostið á með stríði nánast í bakgarðinum hjá okkur. Þemað felur í sér að skoða hluti og hugmyndir frá ólíkum sjónarhornum, að leita svara á fleiri en einum stað, því sannleikurinn er sjaldnast einfaldur í síkvikum heimi“.

Taylor Mac sem sýnir á stóra sviði Þjóðleikhússins 1. og 2. júní er stór-stjarna frá Bandaríkjunum sem svo sannarlega nálgast hlutina frá öðru sjónarhorni. „Taylor Mac er ein allra áhugaverðasta sviðslistamannskjafa Bandaríkjanna í dag. Hún tætur í sig heimssöguna og dregur fram sögur þeirra samfélagshópa sem hafa verið þaggðir niður eða sópað til hliðar í gegnum tíðina. Allt í stórkostlega skrautlegri, rammpólítískri drag- og tónlistarveislu.“

Manngerð baðströnd

Fyrsta helgi hátíðarinnar er hvítasunnuhelgin 4. og 5. júní og frá 1.-6. júní er þétt dagskrá. „Við höfum grínast með það hér innanhúss að slagorðið okkar ætti að vera „ekki bóka bústað um hvítasunnuna“. Um þessa helgi er til dæmis tvöfaldur heimsfrumflutningur á íslensk-norrænum tónverkum. Hrafninn verður fluttur í Norðurljósum í samstarfi við Íslensku óperuna, en þetta er nýtt, alltumlykjandi óperutónverk Hilmars Þórðarsonar, Halldisar Rönning og Þorbjargar Jónsdóttur. Daginn eftir verður svo heimsfrumflutningur á nýrri óratoríu eftir Huga Guðmundsson og Hallgrímskirkju, Guðspjall Maríu, þar sem fram koma Schola cantorum, undir stjórn Harðar Áskelssonar, og Oslo Sinfonietta ásamt sópransöngkonunni Berit Norbakken. Syngjandi hljómsveitarstjórn Barbara Hannigan kemur fram með Sinfó, Kammersveitin leikur Wagner,



Heimferð, brúðsýning sem ferðast um Norður- og Vesturland.

MYND/ÍRIS STEFÁNSDÓTTIR



Áherslur Listahátíðar undanfarin ár hafa byggst á því að teygja hátíðina út í samfélagið og fagna fjölbreytileika mannlífsins, bæði í verkefnavali og í því hvernig við nálgumst áhorfendur.



Vigdís Jakobsdóttir er listrænn stjórnandi Listahátíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

götuleikhús tekur yfir miðborgina og þá er fátt eitt talið.“

Sömu helgi verður sannkallaður stórvíðburður þegar sigurverk Feneyjatvíæringsins 2019 frá Litáen, Sun & Sea, verður í Hafnarhúsinu. „Við ætlum að búa til manngerða baðströnd í porti Hafnarhússins og til þess mun þurfa hvorki meira né minna en 70 tonn af íslenskum svörtum sandi. Þar munu tugir manns liggja á baðströnd undir gervisol og flytja þetta magnaða verk, sem í raun fjallar um hvernig við erum öll að fljóta sofandi að feigðarósi varðandi umhverfismálin. Gestir njóta verksins ofan af svölum og geta komið og farið að vild yfir daginn. Það er óhætt að segja að þetta sé einn umtalaðasti og eftirsóttasti listviðburður síðustu ára á heimsvísu,“ segir Vigdís.

Fimm heimsálfur

Vegleg fjölskyldudagskrá verður á hátíðinni. „Við bjóðum meðal annars upp á danssýningu fyrir ungabörn og þar verður einn dagur sérstaklega tekinn frá fyrir fjölfötluð börn. Fyrir eldri börn og fjölskyldur erum við með stórkostlega sirkussýningu frá Astralíu, diskó-dansgöngu Guru Dudu um miðborgina, götuleikhús sem fer líka til Garðabæjar og Keflavíkur og brúðsýningu á hjólum sem ferðast um Norður- og Vesturland áður en hún kemur til Reykjavíkur.“

Listafólk frá fimm heimsálfum kemur fram á hátíðinni. „Við fáum tónlistarhóp frá Íran, sem kemur

fram ásamt Ásgeiri Ásgeirssyni og Sigríði Thorlacius í Gamla bíó 16. júní. Frá Sierra Leone koma Loverboy og Zainab sem ferðast nú í fyrsta sinn út fyrir heimaland sitt. Þau koma fram með stórsveit Samúels J. Samúelssonar 8. júní í Gamla bíó.“

Brynjur, skúlptúrar Steinunnar Þórarinsdóttur, sem hafa áður verið sýndir á Manhattan og í Kaupmannahöfn, verða settir upp við Hallgrímskirkju við upphaf hátíðarinnar. „Þetta verk talar á áhrifamikinn hátt inn í samtímann, ekki síst nú eftir að stríðið í Úkraínu skall á.“

Inga Huld Hákonardóttir kemur með dansverkið sitt Again the Sunset frá Belgíu og styttri útgáfa af verkinu verður sýnd á Austurlandi og Suðausturlandi áður en það verður sýnt í Reykjavík.

Dansverkið Every Body Electric verður á dagskrá í Silfurbergi í Hörpu 19. júní, en allir dansarar sýningarinnar eru hreyfihamlaðir.

Emiliana Torrini mun loka hátíðinni sunnudagskvöldið 19. júní með The Colorist Orchestra, hljómsveit sem hún hefur unnið töluvert með síðustu ár en kemur nú í fyrsta sinn til landsins.

Klúbbur Listahátíðar verður í Iðnó og þar verður lífleg dagskrá alla daga hátíðarinnar. Listamanna-spjall, gjörningar, hinsegin rapp frá Bandaríkjunum, frumsýning á nýju uppstandi, yfirtökur ýmissa listhópa og margt fleira. Ókeyppis er á alla viðburði í Klúbbnum. ■

Majestic

FLÍSAR

CERAMICHE PIEMME

FLOOR AND MORE

ÞAR SEM GÆÐI OG GLÆSILEIKI FARA SAMAN

 **ALFABORG**
- allt a gólfíð -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Opið mánud. - fimmtud. frá 08:00-18:00 /
föstudaga 08:00 - 17:00 / Laugard. 10:00-14:00



Vera Sölvadóttir er á ferð og flugi með France TV. MYND/ADSEND

Teymir franskt tókulið um landið

ninarichter@frettabladid.is

Nú standa yfir tölur á nýrri þáttaröð um franska rithöfundinn Jules Verne. Einn þáttanna er tekinn upp á Íslandi og vísar í skáldsögu Verne, Leyndardóma Snæfellsjökuls.

Franska ríkissjónvarpið, France TV eða France Télévisions, stendur að framleiðslunni og hefur fengið til liðs við sig fagmenn úr framlínu íslenskrar efnisframleiðslu, en kvikmyndagerðarkonan Vera Wonder Sölvadóttir aðstoðar tókuliðið auk þess sem ljósmyndarinn Ragnar Axelsson, RAX, er með í för.

„Þessi þáttur sem við erum að gera fjallar um Ísland og meðal annars Jules Verne sem fer ofan í miðju jarðar á Snæfellsnesi,“ segir Vera. Hún segir tókuliðið vera smátt í sniðum en förinni er heitið til Balí eftir tókurnar á Íslandi. Áður hafði tókuliðið verið í Senegal.

„Við förum á Mýrdalsjökul í dag og erum að fara aðeins austur á land, og svo höfum við verið í Reykjavík líka,“ segir hún. ■



Teymið varði gærdeginum á Snæfellsnesi og fer á Mýrdalsjökul í dag. MYND/ADSEND



Danskur íslenskukennari við Háskóla Íslands nefnir þátttöku í kór og starf á leikskóla sem mikilvæga þætti í sínu íslenskuferðalagi. Hann fagnar nýfengnum ríkisborgararétti og segist snemma hafa fallið fyrir dramatík í íslenskri náttúru og menningu.

ninarichter@frettabladid.is

Hinn danski Marc Daniel Skibsted Volhardt varð íslenskur ríkisborgari um helgina, en hann hefur búið hér á landi með hléum í yfir tólf ár. Hann segist ungur hafa fallið fyrir landinu og tungumálinu og flutti til landsins um leið og hann átti þess kost.

Kom hingað fyrst fimmtán ára

Marc er fæddur og uppalinn í Solrød Strand á Austur-Sjálandi. Hann fór fimmtán ára gamall í fyrstu Íslandsferðina með föður sínum, árið 2003. „Þetta var tíu daga hringferð. Ísland var orðið, nú þegar á þeim tíma, draumlandið mitt af einhverjum ástæðum,“ segir Marc.

„Þegar ég var í fjórða bekk sá ég mynd af Íslandi í bók, það var svona tóm og trjá-laust landslag, einn vegur og hraun,“ segir hann. „Ég hugsaði: Hvað er þetta, hvað er þessi staður? Af því að það var svo ó-danskt,“ segir Marc og segist hafa tekið sérstaklega eftir því hve hrátt og dramatískt landslagið var. „Það er allt svo sætt og huggulegt í Danmörku. Það er ekkert drama

Frá Danmörku í íslenska dramatík

í menningunni eða náttúrunni. Það virkar bara allt svo vel,“ segir hann. „En ekkert drama. Hér finnur maður svona drama út um allt, sem ég elska!“

Framandi bókstafir

Marc minnst einnig dönsku-kennslubókar þar sem finna mátti lítinn texta á íslensku. „Það var lítið ævintýri eftir Guðrúnu Helgadóttur, sem átti að sýna okkur hvernig danskan leit út fyrir meira en þúsund árum,“ segir hann. „Ég sá þarna marga mismunandi bókstafi sem voru framandi en samt ekki,“ segir hann.

Áð sögn Marc fannst honum hann vera kominn heim þegar hann flutti hingað í eitt ár eftir menntaskóla. „Fyrsta árið mitt hér var 2007. Ég hafði lært smá íslensku þegar mér leiddist í sögutímum í menntaskóla. Þá las ég íslenska málfræðibók í staðinn,“ segir hann og skellihr. „Ég kunni því smá málfræði en kunni ekki að tala íslensku almennilega.“

Leikskólinn besti staðurinn

Starf á leikskóla segir Marc hafa haft úrslitaáhrif fyrstu árin á Íslandi.



Leikskóli er besti staðurinn til að vera á þegar maður er nýkominn til landsins, maður lærir það sama og krakkarnir læra.

„Það tók mig tvo daga að fá vinnu,“ segir hann. „Ég var með tveggja og þriggja ára börn og þetta var bara íslensku- og menningarkennsla í átta klukkutíma á dag. Leikskóli er besti staðurinn til að vera á þegar maður er nýkominn til landsins, maður lærir það sama og krakkarnir læra. Allar hefðirnar og á frekar einföldu máli líka.“

Hann flutti aftur til Danmerkur árið 2008 og fór í háskóla í Kaupmannahöfn. „En ég saknaði Íslands og flutti hingað aftur eftir eitt og

hálf tveggja og skráði mig í norræn málvisindi.“

Kynntist fólki í kórstarfi

Marc var í háskólakórnum á árunum 2010-2013 og nefnir það einnig sem mikilvægan þátt í tungumálanáminu. „Þegar maður syngur lög syngur maður sama textann aftur og aftur. Það er málkennsla eða íslenskukennsla og þar kynntist maður líka fólki og það er frábært félagsstarf. Þegar maður lærir um tónlist lærir maður um menningu,“ segir hann.

„Þetta er ekki fullkominn staður, en mér finnst ég vera heima hérna,“ segir Marc, sem er íslenskur ríkisborgari frá og með síðustu viku. „Svo er svona síðasta skrefið núna, að vera orðinn ríkisborgari. Þá getur maður verið alveg með í öllu. Þó að það sé ekkert erfitt að vera danskur ríkisborgari hérna, það eina sem ég mátti ekki gera var að kjósa í íslenskum kosningum,“ segir hann.

Marc starfar sem kennari við Háskóla Íslands og kennir þar íslensku sem annað mál. „Stundum kenni ég smá dönsku, til að halda henni við,“ segir hann. „Ég kenni Norðurlandafraeði og skandinavísk fræði þar sem ég fæ að kenna á dönsku, sem er gaman líka. En aðallega er ég í íslenskunni sem er algjör draumur. Stundum þegar maður er stressaður og það er mikið að gera, þá hugsa ég: Halló, ég er í dag að gera það sem var draumurinn minn fyrir 20 árum síðan!“ ■

Afmæliskaka Barbapabba raungerðist

ninarichter@frettabladid.is

Það hljóp á snærið hjá Snæbirni Orra sem fékk einstaka afmælisköku á fjögurra ára afmælisdaginn. Óttar Birgisson, pabbi Snæbjörns, tók sig til og reiddi fram draumakökuna úr bókinni um Barbapabba.

„Hann á tvær Barbapabba-bækur. Ég er búinn að lesa þetta fyrir hann milljón sinnum,“ segir Óttar um áhuga sonarins á kökunni góðu. „Honum fannst þessi kaka svo rosalega aðlæðandi. Hann var alltaf að biðja um þetta, en ekki sérstaklega fyrir afmælið sitt,“ segir hann.

„Ég setti þetta upp í tölvunni og lét prenta út fyrir mig á sykurmassa,“ segir Óttar um áþrengdar fígúrurnar úr Barba-fjölskyldunni sem skreyta hliðar kökunna. Hann segist annars ekki vera mikill bakari.



„Ég er ekki góður í því, þó að ég elski að vera í eldhúsinu. Baksturinn er aðeins flóknari,“ segir hann.

Áð sögn Óttars mældist kakan vel fyrir og kláraðist í veislunni, og sonurinn var í skjýjunum. „Hann sat

og dáðist að henni tímum saman áður en gestirnir komu. Hann sá hana loksins raungerast,“ segir Óttar og hlær. „Og það var saltkaramellukrem inni í henni og súkkulaðikrem utan á, þannig að hún var líka góð.“ ■

Marc féll fyrir íslenskunni þegar hann las íslenskan texta eftir Guðrúnu Helgadóttur í danskri kennslubók.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

80's í fókus

HOKUS POKUS



www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Vinstra megin er kakan góða úr smíðju Óttars, og fyrirmyndin úr bókinni til hægri. MYND/ADSEND



Takk, kæri Velunnari



Krabbameinsfélagið lætur sig allt varða þegar krabbamein eru annars vegar og sinnir öflugri hagsmunagæslu, rannsóknum, ráðgjöf og stuðningi, fræðslu og forvörnum. Með Velunnurum vinnum við alla daga að enn meiri framförum. Að koma í veg fyrir krabbamein, fækka þeim sem deyja af völdum krabbameina og bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda þeirra. Með stuðningi Velunnara Krabbameinsfélagsins þarf enginn að vera einn með krabbamein.

Með þér getum við gert svo ótalmargt.



Krabbameinsfélagið

krabb.is/velunnari



GLEÐILEGT Sumar



BROSTE FIBER

Garðborð. Ø90 x 74 cm.
64.990 kr.



BROSTE FIBER

Garðborð. Ø110 x 75 cm.
99.990 kr.



LEONE

Hornsófi. Svört álgrind og gráar sessur og bakpullur.
Olifin áklæði. 203 x 203 x 80 cm. Sófaborð. 70x70x30 cm.
185.990 kr.



MEDUSA BLUE DANCERS

Krús. 990 kr.

Diskur Ø20 cm. 1.290 kr.

Diskur Ø25 cm. 1.490 kr.

Kanna með haldi. 990 kr.

Skál 14,5 cm. 1.490 kr.

Salatskál 25 cm. 3.490 kr.



Dagur Sigurðsson segir lagið um þarfasta þjónninn vera óð til íslenska hestsins.

MYND/ÆSEND

Þarfasti þjónninn var tilviljunum háður

Dagur Sigurðsson, tónlistarmaður og fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta, er höfundur lagsins Þarfasti þjónninn, sem Hilmi Snær Guðnason flytur. Lagið er lag landsmóts hestamanna í ár og er aðdragandi útgáfunnar röð tilviljana.

ninarichter@frettabladid.is

„Ég samdi lagið fyrir tólf árum síðan en þá var mér boðið í hestaferð með vinafólki,“ segir Dagur Sigurðsson, tónlistarmaður og handboltakappi. „Ég var ekki vanasti knapinn og ákvað að búa til eitt lítið lag fyrir kvöldvökuna. Tólf árum seinna var ég um jól í Tókýó, einn og einmana,“ segir hann.

Gafsjálfum sér jólagjöf

„Ég ákvað að gefa sjálfum mér það jólagjöf að taka lagið upp, þó ekki væri nema fyrir þennan hóp,“ segir hann. Fjölskylda Dags er í tónlistarbransanum og hann segist í gegnum árin hafa bedið um að tekin væru upp veidilög fyrir ferðir. „Þá er þetta gert á kvöldstund í fíflangangi, einn kassi af bjór og allir sáttrir,“ segir hann. Dagur segist ekki hafa kunnað við að angra ættmennin aftur í þeim tilgangi og reyna frekar að borga þeim fyrir upptökurnar. „Ég vissi að þeir myndu ekki taka

við greiðslu þannig að ég fékk til liðs við mig Þorkel Mána, útvarpsmann og knattspyrnusérfræðing, sem líka hefur verið í umboðsmennsku,“ segir Dagur. „Ég bað hann að bóka stúdíó hjá strákunum og segja þeim að einn af betri listamönnum þjóðarinnar væri að gefa út kántríplötu,“ segir hann og bætir við að sögunni hafi fylgt að upptökurnar væru háleynilegar.

„Svo í febrúar mætti ég. Þeir hlógu sig máttlausu yfir að hafa verið platadir upp úr skónum,“ segir Dagur. „Og af því að ég var búinn að leigja stúdíó, þá gat maður ekkert komist frá þessu.“

Hilmi Snær á humlahátíð

Hann segist hafa hitt Hilmi Snæ í veiði síðasta sumar, sem rifjaði upp við það tækifæri hafa tekið þátt í upptökum á bjórlagi fyrir Kex Hostel fyrir tíu árum síðan þegar hostelið var að koma bjórhátíð á laggirnar. Í framhaldinu stakk Dagur upp á að Hilmi Snær tæki hestalagið þetta árið.

Í febrúar hafði Dagur síðan samband og spurði Hilmi Snæ aftur hvort að hann væri til í tuskið. „Hann hafði aldrei heyrt lagið og renndi sér bara í það. Þá var útkoman orðin mjög flott,“ segir hann.

Næst hafi enn önnur tilviljunin átt sér stað. „Ég var í flugi og var að fara í frí. Í sömu vél var vinkona mín sem



Lagið er óður til íslenska hestsins og er í sjálfu sér ekkert meira um það að segja. Þetta er bara lítil saga um hestinn okkar.

var í þessari sömu hestaferð fyrir tólf árum síðan og hún er komin í landsmótsnefndina,“ segir hann. Dagur bauð henni að heyra lagið og segir hann vinkonuna hafa svarað: „Dagur, þetta verður að verða landsmótslag.“

Óður til íslenska hestsins

Lagið er komið á streymisveitur og heitir Þarfasti þjónninn, með Hilmi Snæ og humlunum og er þar vísað í bjórlagið forðum. „Lagið er óður til íslenska hestsins og er í sjálfu sér ekkert meira um það að segja. Þetta er bara lítil saga um hestinn okkar.“

Aðspurður segist Dagur vona að Hilmi Snær og humlarnir stígi á stökk á Landsmóti hestamanna sem er í byrjun júlí á Hellu. „Það hefur ekki verið landsmót í fjögur ár, það er spennigur í hestamönnum.“ ■

Paulreyndir dansarar auk Þyrnirósar

ninarichter@frettabladid.is

Vorsýning Dansgarðsins í Borgarleikhúsinu fer fram í kvöld. Þar taka Klassíski listdanskólinn og Óskandi höndum saman og setja upp tvö dansverk; Þyrnirós auk nútímadansverksins Safarí. Framhaldsbraut Klassíska listdanskólans frumsýnir verkið Flæði við sama tilefni, nýtt dansverk eftir Ernesto Camilo. Þá sýnir FWD Youth Company, ungmennadansflokkur Dansgarðsins, brot úr verkinu Esmeralda, þar sem kúbverski gestadansarinn Yannier Oviedo er listrænn stjórnandi.

Að sögn Ellenar Hörpu Kristinsdóttur, aðstoðarskólaláttjóra Klassíska listdanskólans, er mjög ánægjulegt fyrir nemendurna að fá að vinna með atvinnuballettdansara á borð við Yannier.

Þyrnirósarsýningin er sú sem flestir áhorfendur ættu að kannast við, en þó segir Ellen Harpa að



Fjögur dansverk verða sett upp á Vorsýningu Dansgarðsins í kvöld.

MYND/ÆSEND

sýningin hafi verið stytta og aðlöguð nemendafjölda. „Svo er Safarí-verkið, þá eru allir hóparnir að túlka einhver dýr í nútímadansi og svo eru ferðamenn í Safarí-ferð að skoða dýrin. Þar er mjög fjögur tónlist og allt svolítið off-beat.“

Flæði er verk sem Ernesto Camilo samdi fyrir framhaldsbrautina. „Þau gera lengri verk en yngri krakkarnir. Verkið er frumsamið fyrir þau og kröftugt, myndi ég segja. Þar eru margir dansarar og mjög mikill kraftur,“ segir hún.

Að sögn Ellenar Hörpu hafa nemendur skólans náð að gera ýmislegt þrátt fyrir heimsfaraldur. Til að mynda hafi þau sett upp Hnotubrjótinn í Borgarleikhúsinu í lok nóvember. „Þá þurfti hraðtest fyrir alla nemendur og gesti, en við rétt náðum að hafa jólasýningu. Það er svo mikilvægt fyrir nemendurna að fá að sýna. Þetta er annars eins og að vera að æfa íþrótt en fá aldrei að keppa.“ ■



HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Húnfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÖLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



BRANDSON
- 6 ÁRA -

AFMÆLISTILBOÐ

20% - 90%
AFSLÁTTUR

BRANDSON.is

Skannaðu með síma



til að skoða tilboð

 @brandson.design

 @brandson.design

 @brandsonclothing

Bakþankar

Péturs Georgs
Markan

Á fimmtugsaldri

„Ég bar á pallinn um helgina,“ sagði ég á mánudagsmorgni við samstarfsfólkið og andvarpaði. Sex orð sem ramma inn fimmtugsaldurinn. „Viðarvörn með smá lit í,“ sagði ég þegar ég var spurður frekar út í málið og svo hófust æsilegar umræður um palla og alla-vega varnir og viðhald. Og forvirkt viðhald. „Já, en hvaða efni notaðir þú, hvaða heitir undraefnið?“ „Ég veit það ekki,“ svaraði ég, „en maðurinn í útideildinni sagði að ég yrði svo ánægður með útkomuna að ég myndi helst vilja sofa hjá viðarvörninni.“

Eftir pallasmurninguna var tekin upp umræða um nýja ofninn sem á að eiga sitt eigið stæði á pallinum – Ooni pítsaofn. Við hliðina á grillinu. „Notið þið ekki örugglega 00 hveiti?“ Spurði ein mjög áhyggjufull með svip eins og forsætisráðherra þegar þú veist ekki hvort hún er að ganga úr vöð-talinu. „Jú, eða við keyptum deigið í Braud & Co.“

„Og hvað svo, börnin snemma að sofa og eitthvað?“ „Já, eða nei, þau sofnuðu rétt um miðnætti. Við gengum frá húsinu á meðan við ræddum Sundur-Saman-Instagram-reikninginn. Ræddum í einlægni hvort við myndum frekar vilja bæta við maka í sambandið eða Air fryer. Við ætlum að kíkja í Costco við tækifæri.“

Dreyndi svo um nóttina pallaskúringar – viðarvörninni svoleiðis luðað á spýtnaverkið. Draumurinn svo raunverulegur að ég fann lyktina í gegnum svefnvegginn. Vaknaði svo við árans köttinn sem svaf því sem næst ofan í vitum mínum. Kötturinn hafði stýtt sér leiðina beint yfir pallinn og hafði tekið með sér drjúgan hluta viðarvarnarinnar upp í rúm. Ég sum sé svaf hjá viðarvörninni. ■

★★★★★
GERIÐ GÆÐA
OG VERÐ-
SAMANBURÐEitt mesta úrval landsins
af heilsudýnumBODYPRINT
Reverie
Sleep well tonight. Live better tomorrow.

STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU - EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI



GHENT

HANDGERÐ HEILSURÚM - FYRIR ÞÁ ALLRA KRÖFUHÖRÐUSTU

FYLDS
The Belgian Bed

★ FERMINGARTILBOÐ ★

ÝMIR

HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT
POKAGORMAKERFI

Stýður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Pokagormarnir eru með misþykkum vír eftir því hvar þeir eru staðsettir í dýnunni. Mjúkir við axlasvæði, stífir við mjóbakssvæði, millistífir í miðjunni. 330 gormar per fm². Tvíhert stál.

STÆRÐ	VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
120×200	99.900 kr.	89.900 kr.
140×200	114.900 kr.	104.900 kr.
150×200	129.900 kr.	119.900 kr.

Öll verð með PU botni og fótum.
ATH. fleiri stæðir í boði.

GÓÐUR
STUÐNINGUR
VIÐ MJÓBAK

FRIGG - MILLISTÍF

HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA
Á FRÆBÆRU VERÐI

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstjofnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

FRIGG, ÓÐINN OG IÐUNN:

STÆRÐ	VERÐ ÁÐUR	VERÐ NÚ
120×200	139.900 kr.	119.900 kr.
140×200	159.900 kr.	139.900 kr.
150×200	179.900 kr.	159.900 kr.

Öll verð eru með PU botni og fótum. ATH. fleiri stæðir í boði.



ÓÐINN - STÍF

HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA
Á FRÆBÆRU VERÐI

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstjofnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.



IÐUNN

GÓÐ SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA SEM
STYÐUR RÉTT VIÐ LÍKAMANN

Cool efnaþandann aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstjofnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og betri liðan, þú færð dýpri og betri svefn. Áklæðið má þvo og er einnig með "Non-slip" efni á botni dýnnar.

25%
AFSLÁTTUR
AF FYLGIHLUTUM
VIÐ DÝNUKAUPVERÐ SEM
KOMA Á
ÓVART

Svefn & heilsa

★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði
og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.isUM FJÓRÐUNGUR LANDS-
MANNA SEFUR Á DÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.10kr.
AFSLÁTTUR
MEÐ ORKULYKLI

ORKAN